

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 7/2012

Kæra Einars Matthíassonar á ákvörðun Neytendastofu [nr. 14/2012](#).

1. Þann 31. október 2012 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 7/2012: Kæra Einars Matthíassonar á ákvörðun Neytendastofu nr. 14/2012 frá 30. mars 2012. Í málinu úrskurða Eiríkur Jónsson, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 27. apríl 2012, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 14/2012 frá 30. mars 2012, þess efnis að kærandi hafi brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með því að hafa miðlað tilboðsskrám og upplýsingum um fjárhagsstöðu Adakris UAB, sem hann öðlaðist í starfi sínu hjá félaginu, til Halldórs Úlfars Halldórssonar. Í ákvörðunarorðum segir: „[Kærandi] hefur með því að afhenda tilboðsgögn Adakris UAB vegna útboðs Reykjavíkurborgar á Sæmundar- og Norðlingaskóla og með því upplýsa um fjárhæðir krafna Adakris UAB á Reykjavíkurborg, brotið gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með vísan til 4. mgr. 16. gr. c. og 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er [kæranda] bannað að hagnýta þær trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi hjá Adakris UAB.“ Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að kröfum Adakris UAB fyrir Neytendastofu verði hafnað.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi lögmanns Adakris UAB, útibús á Íslandi, til Neytendastofu, dags. 14. janúar 2011, var kvartað yfir meintum brotum á 16. gr. c laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 við hagnýtingu atvinnuleyndarmála félagsins. Nánar tiltekið var þess krafist að Neytendastofa ákvarðaði um efnisatriði kvörtunarinnar, sem lyti að tveimur aðskildum en tengdum ætluðum brotum gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005. Adakris teldi fyrrum starfsmann félagsins hafa án heimildar veitt upplýsingar og/eða hagnýtt sér slík leyndarmál, sbr. 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 og að forsvarsmáður viðskiptaaðila Adakris hafi tekið á móti og fært sér í nyt viðskiptaleyndarmál Adakris með ólögmetum hætti, sbr. 4. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Þess væri því annars vegar krafist að Neytendastofa ákvarðaði bann við frekari hagnýtingu og dreifingu upplýsinganna af hálfum fyrrum starfsmanns Adakris og hlutaðist til um að hann yrði beittur viðurlögum, sbr. 26. gr. laganna. Jafnframt væri þess krafist að Neytendastofa ákvarðaði að forsvarsmanni viðskiptaaðila Adakris yrði óheimilt að halda áfram að færa sér í nyt

viðskiptaleyndarmál Adakris, sbr. 4. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 og hlutast yrði til um að þeim yrði gert að sæta viðurlögum, sbr. 26. gr. laganna.

5. Í bréfinu segir síðan að Adakris starfi á Íslandi, aðallega við byggingu atvinnuhúsnaðis og annarra tengdra verkframkvæmda, en um slíka starfsemi gildi lög nr. 57/2005, sbr. 1. og 2. gr. laganna. Adakris eigi rétt á lögvernd hagsmuna sinna, m.a. þeirra hagsmuna sem felist í að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi félagsins er snerti sérstaklega samkeppnisstöðu þess sé haldið leyndum, sbr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Félagið hafi helst starfað að framkvæmdum fyrir hið opinbera og fyrirtæki á grundvelli þátttöku í útboðum og á samkeppnismarkaði. Í útboðum og annarri samkeppni verði til umtalsvert magn upplýsinga sem njóta þurfi trúnaðar og leyndar, sérstaklega gagnvart keppinautum og öðrum sem kunni að hafa hag að slíkum trúnaðarupplýsingum. Viðskipta- og rekstrarleyndarmál séu af ýmsu tagi og Adakris hafi komið að ótal útboðum og verkum á undanförunum árum. Félagið eigi því ýmsa keppinauta og viðskiptamenn en auk þeirra sé ljóst að aðrir á sama markaði geti hagnast af hagnýtingu atvinnuleyndarmála félagsins. Fyrir liggi að samkeppni á sviði verkframkvæmda hafi harðnað umtalsvert á síðustu misserum í kjölfar efnahagshrunsins.
6. Hjá félaginu hafi, rétt eins og venja sé innan málaflokksins, verið litið svo á að upplýsingar um m.a. umsamið verð verkþátta innan útboða, þ.m.t. útfylltar tilboðsskrár og samningar vegna verkframkvæmda, falli undir trúnaðarmál og séu eðli máls samkvæmt atvinnuleyndarmál. Ýmsar aðrar upplýsingar sem sé að finna hjá Adakris séu einkum vegna innkaupa á vörum og sölu þeirra, svo og upplýsingar um viðskiptamenn. Hið sama megi segja um upplýsingar um fjárhagsstöðu félagsins, tekjustreymi, greiðslugetu, tímafresti verka og verkstöðu, verð- og söluupplýsingar auk ýmissar skráa, lýsinga og uppdrátta. Aðgangur að slíkum upplýsingum sé ekki á færi almennra starfsmanna hjá Adakris en ákveðnir starfsmenn, svokallaðir lykilstarfsmenn, hafi haft aðgang að þeim upplýsingum vegna starfa sinna, umfram aðra starfsmenn. Slíkar upplýsingar séu almennt taldar trúnaðarupplýsingar og geti innihaldið atvinnuleyndarmál, sbr. ákvæði 16. gr. c laga nr. 57/2005, sem Adakris eigi lögmeata hagsmuni af og geti vænst að haldið sé leyndum. Þegar fyrirtæki geri tilboð í útboði og sendi gagnaðila upplýsingar þurfi því að fylgja ýmsar trúnaðarupplýsingar sem teljist meðal atvinnuleyndarmála, sérstaklega svokölluð tilboðsskrá. Útfyllt tilboðsskrá og upplýsingar sem þar sé að finna séu almennt taldar trúnaðarmál og atvinnuleyndarmál milli viðskiptaaðila. Þessu til rökstuðnings megi m.a. vísa til þess að samkvæmt almennum útboðs- og samningsskilmálum um verkframkvæmdir, ÍST 30:2003, segi í grein 6.3.4. að „útfyllt útboðsskrá sé trúnaðarmál milli verkkaupa og bjóðanda“. Slíkum skráum og innihaldi þeirra sé ekki deilt með öðrum.
7. Í bréfinu er efni 2. og 3. mgr. 16. gr. c síðan rakið og tekið fram að í greinargerð með því frumvarpi sem varð að samkeppnislögum nr. 8/1993 segi m.a. um 29. gr., sem sé efnislega samhljóða núgildandi 16. gr. c laga nr. 57/2005, að í ákvæðinu séu reglur um vernd rekstrar- og viðskiptaleyndarmála. Reglurnar séu reistar á því að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felist í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi sem snerta samkeppnisstöðu þeirra sé haldið leyndum. Þau leyndarmál sem ákvæðin feli í sér vernd á geti t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum,

ýmsum tölfraðilegum upplýsingum o.fl. Um atvinnuleyndarmál geti verið að ræða þótt fleiri en eigandi eða stjórnandi fyrirtækisins viti það. Í 3. mgr. sé lögð þagnarskylda á þá sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum og þess háttar. Samkvæmt ákvæði 3. mgr. 29. gr. sé ekki nauðsynlegt að uppdrættir eða annað það sem ætlunin sé að vernda séu atvinnuleyndarmál. Undir málsgreinina geti fallið „know-how“ sem ekki sé atvinnuleyndarmál. Hér sé ekki miðað við leyndina sjálfa heldur séu talin í málsgreininni öll þau andlög sem njóti verndar. Loks sé fjallað um að í ákvæði 2. mgr. 29. gr., sem sé samhljóða 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005, felist svokölluð þagnarskylda starfsmanna sem einnig skuli haldast í þrjú ár eftir að störfum sé hætt. Ljóst sé af ákvæðinu að starfsmönnum sé ekki heimilt að upplýsa aðra um atvinnuleyndarmál fyrirtækja.

8. Kærandi hafi starfað hjá Adakris, fyrst sem verktaki við ráðgjöf og í hlutverki byggingarstjóra fyrir félagið, en síðar sem launamaður og starfsmaður, frá 1. ágúst 2009. Kærandi sé menntaður byggingafræðingur og hafi starfað sem byggingastjóri og verkefnastjóri hjá Adakris vegna helstu verkefna félagsins, m.a. sem byggingastjóri verkframkvæmda fyrir Norðlinga- og Sæmundarskóla sem Adakris hafi tekið að sér fyrir Reykjavíkurborg. Kærandi hafi frá upphafi verið lykilstarfsmaður og millistjórnandi hjá félaginu. Hann hafi notið trausts og hafi stjórnendur Adakris mátt gera ráð fyrir að kærandi myndi virða við þá og félagið bæði almennar trúnaðarskyldur starfsmanns í samræmi við meginreglur vinnuréttar og sértækar trúnaðarskyldur hans sem menntaðs byggingafræðings, félagsmanns í Byggingafræðingafélagi Íslands og sérfræðings í hans fagi. Sem lykilstarfsmaður hafi kærandi haft aðgang að trúnaðargögnum og ýmsum atvinnuleyndarmálum Adakris, þ.m.t. tilboðsskrám vegna útboða og samninga um framkvæmdir við Norðlinga- og Sæmundarskóla, fjárhagsupplýsingum um félagið, nána þekkingu á tímafrestum og verkstöðu hinna ýmsu verkefna félagsins, upplýsingar um daglegan rekstur félagsins og rekstrarstöðu, innkaup á vörum og þjónustu sem og sölu Adakris á þjónustu, og aðrar upplýsingar sem almennir starfsmenn hafi ekki haft aðgang að.
9. Ljóst sé að kærandi hafi í starfi sínu fengið vitneskju um fjölmörg atvinnuleyndarmál Adakris og umráð yfir ýmsum þeirra, þ.m.t. útfylltum tilboðsskrám, með réttmætum hætti, sbr. fyrri hluta 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Þá hafi kæranda, vegna starfs síns, verið trúað fyrir uppdráttum og lýsingum sem ætlast hafi verið til að færu leynt. Hann hafi því haft aðgang að upplýsingum sem hann hafi vitað að væru atvinnuleyndarmál. Samningssamband Adakris við kæranda hafi byggst á almennum reglum samninga- og vinnuréttar gagnvart ráðningarsambandi vinnuveitenda við sérfræðing og lykilstarfsmann félagsins en ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur, né sérstakur samningur við kæranda vegna aðgangs hans að trúnaðarupplýsingum og atvinnuleyndarmálum. Þá hafi þess ekki verið krafist að kærandi færi með gögn sem atvinnuleyndarmál eða trúnaðarmál. Kærandi sé sérfræðingur á sínu sviði með fagmenntun og hafi mikla reynslu af störfum sem byggingarstjóri. Kærandi hafi fyrir ráðningu unnið fyrir Adakris sem verktaki þar sem hann hafi kynnt sig sem ráðgjafa og byggingarstjóra með mikla reynslu og þekkingu. Ekki hafi því þurft að útskýra fyrir kæranda hvaða upplýsingar félagsins væru trúnaðarupplýsingar og atvinnuleyndarmál, og hverjar ekki. Eðli málsins samkvæmt hafi kæranda átt að vera það ljóst, jafnvel frekar en öðrum stjórnendum fyrirtækisins sem fæstir búi að

jafnmikilli reynslu. Liggi það í hlutarins eðli að ætlast sé til slíkrar leyndar og að umræddar upplýsingar njóti lögverndar samkvæmt 16. gr. c laga nr. 57/2005.

10. Adakris hafi lagt mikla vinnu í tilboð félagsins í útboðum vegna bæði Norðlingaskóla og Sæmundarskóla. Tilboðum hafi m.a. fylgt útfylltar tilboðsskrár sem hafi útheimt mikla vinnu, tíma og fé. Í tilboðsskránum, sem almennt séu taldar trúnaðarmál milli verkkaupa og bjóðanda, sé að finna viðkvæmar trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál. Sú samantekt upplýsinga sem þar sé að finna hafi mikið gildi við verðmat og birtist í þeim nákvæmlega hversu mikið félagið fái fyrir hvern einstakan verklið samkvæmt samningum. Útfylltar tilboðsskrár vegna Norðlinga- og Sæmundarskóla séu trúnaðarmál milli Reykjavíkurborgar og Adakris og hafi báðir aðilar meðhöndlað þær sem slíkar. Nægi í raun að nefna að í grein 0.4.1 útboðslýsinganna sé kveðið á um með beinum hætti að útfylltar tilboðsskrár séu trúnaðarmál. Þá séu slíkar skrár taldar trúnaðarmál samkvæmt stöðlum um útboð og verkframkvæmdir, sbr. grein 6.3.4. ÍST 30:2003. Hinum útfylltu tilboðsskrám og öðrum beinum viðskiptaupplýsingum og atvinnuleyndarmálum hafi kærandi haft aðgang að vegna vinnu sinnar sem byggingarstjóri við framkvæmdirnar. Hafi kærandi aldrei óskað eftir leyfi til þess að hagnýta eða veita öðrum upplýsingar um þau leyndarmál með nokkrum hætti.
11. Um mitt árið 2010 hafi stjórnendur Adakris heyrt sögur, sem þeir hafi talið gróusögur, þess efnis að kærandi hafi veitt upplýsingar um atvinnuleyndarmál félagsins til óviðkomandi aðila. Á þeim tíma hafi kærandi haft viðkvæmar trúnaðarupplýsingar félagsins undir höndum um lengri tíð, aðgang að skrifstofurými félagsins og almennt að upplýsingum um félagið sem lykilstarfsmaður og millistjórnandi í fámennu teymi starfsmanna á skrifstofu fyrirtækisins. Hinar óstaðfestu fregnir hafi á þeim tíma ekki verið taldar réttlæta aðgerðir gegn kæranda. Þegar grunur hafi verið rökstuddur hafi síðla sumars 2010 verið ákveðið að enda starfssamband félagsins við kæranda. Hafi í fyrstu verið talið að kærandi gæti unnið á uppsagnarfresti fyrir félagið en þá hafi verið gripið til þeirra ráðstafana að takmarka aðgang hans að atvinnuleyndarmálum og trúnaðarupplýsingum félagsins. Hins vegar hafi stjórnendum Adakris orðið það ljóst þann 9. september 2010, að kærandi hefði markvisst unnið gegn félaginu og að umfang trúnaðarbrestsins væri meiri en áætlað hafi verið í upphafi. Hafi þess samstundis verið óskað að kærandi hætti störfum og hyrfi af starfsstöð Adakris. Við kæranda hafi verið gerður starfslokasamningur, dags. 27. september 2010, sem meðfylgjandi sé bréfinu. Þar hafi þagnar- og trúnaðarskylda hans verið ítrekuð og atvinnuleyndarmálum lýst sem og trúnaðarupplýsingum félagsins, auk þess sem vísað hafi verið til skaðabótaskyldu og refsíabýrgðar vegna brota gegn trúnaðarskyldum, sbr. 16. gr. c laga nr. 57/2005.
12. Til þess að upplýsingar njóti verndar sem atvinnuleyndarmál sbr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 hafi verið talið, m.a. samkvæmt ákvörðun samkeppnisráðs 26. október 1998 (36/1998), að virkja þurfi verndina. Það sé gert með tvennum hætti, annars vegar geti fyrirtæki gert skriflegan eða munnlegan samning við starfsmenn sína um að farið skuli með tiltekin atriði í rekstri sem atvinnuleyndarmál. Hins vegar geti aðstaðan verið sú að það liggi í hlutarins eðli að með tiltekin atriði skuli fara sem atvinnuleyndarmál. Við mat á því hvenær það liggi í hlutarins eðli hafi Samkeppnisráð komist að því í áður nefndri ákvörðun sinni „að ef skynsamur maður, sem stæði í sporum viðtakanda upplýsinga, gæti séð að honum hefðu af eðlilegum ástæðum verið afhentar trúnaðarupplýsingar eða þekking í trúnaði, þá nægði það til þess að telja að viðtakandi

upplýsinganna væri bundin trúnaði um þær upplýsingar“. Á þetta skilyrði hafi reynt fyrir stjórnvöldum áður. Í máli þessu verði að horfa til þess, að um hafi verið að ræða upplýsingar sem skynsamur maður hafi getað séð að hafi verið trúnaðarupplýsingar sem veittar voru í trúnaði, og að kærandi sé sérfræðingur með menntun og reynslu af fagsviðinu sem hafi kynnt sér ítarlega efni útboðslýsinga, skilmála sem og staðla þeirra sem um útboð gilda. Því verði að líta svo á, að um kæranda gildi strangari kröfur, auk þess að horfa verði til atferlis hans og meðferðar á upplýsingum, en ljóst sé að hann hafi reynt að leyna framferði sínu.

13. Kærandi hafi ekki haft heimild til að miðla framangreindum upplýsingum til annarra, sbr. 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005, hvorki meðan hann var í starfi hjá Adakris eða eftir að hann lauk störfum. Forsvarsmaður viðskiptaaðila Adakris hafi hins vegar upplýst stjórnendur Adakris um að kærandi hafi miðlað til sín viðkvæmum trúnaðarupplýsingum og atvinnuleyndarmálum Adakris, á meðan kærandi hafi verið í starfi fyrir félagið án vitundar stjórnenda Adakris. Hafi kærandi m.a. afhent honum afrit af útfylltum tilboðsskrám Adakris vegna Norðlinga- og Sæmundarskóla. Hafi stjórnendum Adakris verið tilkynnt að kærandi hafi miðlað viðkvæmum trúnaðarupplýsingum til viðkomandi viðskiptaaðila í u.þ.b. ár, eða frá september 2009. Hafi viðkomandi tiltekið að kærandi hafi auk þess að upplýsa um útfylltar tilboðsskrár upplýst hann um hvenær Adakris innheimti fé vegna reikninga frá m.a. Reykjavíkurborg, upplýst hann um almennar fjárhags- og rekstrarupplýsingar um félagið, um eignir þess og innstæður á bankareikningum, um skuldir félagsins og stöðu þess, og um önnur bein viðskiptaleyndarmál. Þetta hafi viðkomandi staðfest í samtali og í tölvupósti við lögmann Adakris dags. 28. september 2010, sem meðfylgjandi sé bréfinu. Kærandi hafi með því brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Adakris krefjist þess að kæranda verði gert að nýta ekki þau atvinnuleyndarmál sem hann hafi haft aðgang að í starfi sínu hjá Adakris, en hann hafi ekki heimild til að hagnýta þau eða upplýsa aðra um, sbr. 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005, sem og honum verði gert að sæta viðurlögum, sbr. 26. gr. sömu laga.
14. Í bréfinu er efni 4. mgr. 16. gr. c síðan rakið og tekið fram að ekki þurfi að fara mörgum orðum um efnisinnihald ákvæðisins. Þó segi um 29. gr. í greinargerð með því frumvarpi sem varð að samkeppnislögum nr. 8/1993, sem sé efnislega samhljóða 16. gr. c laga nr. 57/2005, að til að ákvæði 4. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 eigi við, verði sá sem notfæri sér atvinnuleyndarmál að vita að um sé að ræða atvinnuleyndarmál, eða þau atriði sem um ræði í 3. mgr. greinarinnar og að upplýsinga um þau eða umráða yfir þeim hafi verið aflað með þeim hætti að brotið hafi verið gegn ákvæðum 1.-3. mgr. greinarinnar.
15. Adakris hafi átt í ýmsum viðskiptum síðastliðin tvö ár við ýmis félög í félagasamsteypu undir beinni eða óbeinni stjórn Halldórs Úlfars Halldórssonar þar sem hann hafi komið fram f.h. félaganna sem eigandi, stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og annarskonar fyrirsvarsmaður. Um umtalsverð viðskipti hafi verið að ræða og stjórnendur Adakris í öllum tilfellum átt í samskiptum við Halldór sem hafi tekið ákvarðanir fyrir félögin, þótt í einhverjum tilfellum hafi þar einnig verið um aðra stjórnendur að ræða. Stjórnendur Adakris telji Halldór í gegnum félög sín hafa fært sér í nyt upplýsingar um atvinnuleyndarmál Adakris sem hann hafi vitað, eða hafi mátt vita, að aflað hafi verið með brotum gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Halldór hafi

viðurkennt gagnvart stjórnendum Adakris, sem hann síðar hafi staðfest í samtali við lögmann Adakris auk staðfestingar með tölvupósti sem meðfylgjandi sé bréfinu, að hann hafi fengið „lekið“ til sín upplýsingum um rekstur Adakris, þ.m.t. fjárhagsupplýsingum, upplýsingum um rekstur félagsins og útfylltar tilboðsskrár Adakris við Norðlinga- og Sæmundarskóla, frá kæranda, fyrrverandi starfsmanni Adakris án vitundar stjórnenda Adakris.

16. Telja verði að Halldór hafi vitað, eða mátt hafa vitað, að upplýsingar þær sem kærandi veitti honum um viðskipti og fjárhagsstöðu Adakris hafi verið trúnaðarupplýsingar og atvinnuleyndarmál, sbr. ákvæði 16. gr. c laga nr. 57/2005, sem honum hafi verið óheimilt að færa sér í nyt. Halldór hafi sjálfur viðurkennt að kærandi hafi lekið upplýsingunum til sín um langt skeið. Ljóst sé að það hafi verið án vitundar og samþykkis stjórnenda Adakris enda gert með leynd. Halldór hafi getað vitað að kærandi hefði ekki heimild til að veita honum þær upplýsingar enda hefði kærandi annars ekki þurft að leka þeim til hans. Halldór hafi selt Adakris vörur og þjónustu í gegnum félög sín m.a. vegna verkframkvæmda Adakris við Norðlinga- og Sæmundarskóla. Halldór hafi átt í miklum og ströngum samningaviðræðum við stjórnendur Adakris frá haustdögum 2009, langt fram á vor 2010, vegna hinna mismunandi samninga og innkaupa á vörum og þjónustu til Adakris á tímabilinu, sérstaklega vegna bygginga framangreindra skóla. Framkvæmdir við skóla hafi farið fram á grundvelli samninga sem tókust milli Reykjavíkurborgar og Adakris í framhaldi útboðs borgarinnar á verkframkvæmdum við skólana sem Adakris hafi unnið. Útfylltar tilboðsskrár vegna verkanna séu og hafi verið trúnaðarmál milli Reykjavíkurborgar og Adakris, sbr. ákvæði útboðslýsingar og almennra staðla. Slíkt hafi Halldór mátt vita enda þjónusti hann þennan geira.
17. Ljóst megi vera, eðli málsins samkvæmt, að aðili að samningaviðræðum sem þekki til atvinnuleyndarmála gagnaðila síns, sérstaklega þeirra sem viðkoma undirliggjandi viðskiptum, bæði gagnvart tímasetningum, verði og magni, njóti óeðlilegs forskots við samningagerð. Halldór hafi áframsent lögmanni Adakris tölvupósta frá kæranda til Halldórs, þ.m.t. tölvupóst dags. 14. desember 2009, sem meðfylgjandi sé bréfinu. Samkvæmt efni tölvupóstsins hafi kærandi verið að upplýsa Halldór um atvinnuleyndarmál Adakris, þ.m.t. útistandandi reikninga og viðskiptastöðu gagnvart framkvæmdum við skólana tvo. Verði ekki af gögnunum ráðið, né af þegar fram komnum viðkenningum Halldórs, hvenær nákvæmlega kærandi hafi veitt Halldóri afrit af útfylltum tilboðsskrám skólanna en leiða megi líkur að því að það hafi verið um haust eða vetur 2009, á sama tíma og Halldór hafi verið í samningaviðræðum við Adakris vegna verka og vörukaupa við framkvæmdirnar. Ljóst sé að þegar stjórnendur Adakris horfi til baka að breytingar hafi orðið á samningaviðræðunum um veturinn við Halldór þegar hann hafi verið farinn að njóta þeirra upplýsinga sem kærandi veitti honum.
18. Stjórnendur Adakris hafi átt í samningaviðræðum við Halldór um ákveðin viðskipti sem samanstöðu af innkaupum á stáli vegna framkvæmdanna við skólana. Hafi Halldór sent Adakris tilboð í stál með tölvupósti, dags. 9. nóvember 2009, sem meðfylgjandi sé bréfinu. Forstjóri Adakris hafi samþykkt tilboðið munnlega og vinna hafist samkvæmt því, þ.m.t. fyrirframgreiðsla til félags Halldórs, Úlfsins Byggingavöruverslunar ehf., vegna innkaupa á stálinu. Gerðar hafi verið tilraunir til að skjalfesta samkomulagið betur sem grundvallaðist á töku tilboðsins en því hafi

stöðugt verið frestað af hálfu Halldórs. Umtalsverð viðskipti hafi verið á milli aðila á þessum tíma og ekki hafi þótt ástæða til að örvænta enda hafi verið talið að Halldór myndi standa við tilboð sitt. Eftir á að hyggja hafi stjórnendur Adakris talið að Halldór hafi viljað tefja tímamann til að skjalfesta samkomulag fram að þeirri stundu þar sem það hafi verið orðið of seint fyrir Adakris að leita annað. Í byrjun árs 2010, hafi Halldór gefið það út við stjórnendur Adakris að hann vildi hækka þóknun fyrir stálið. Því hafi verið tekið illa af stjórnendum Adakris og ætlast til að hann efndi tilboð sitt. Í mars 2010, hafi Halldór kallað forstjóra Adakris á fund sinn þar sem forstjóra Adakris hafi verið tilkynnt einhliða ákvörðun Halldórs um að hækka verðið. Hafi forstjóra Adakris verið kynnt á fundinum að Halldór vissi að þá væri orðið of seint fyrir Adakris að skipta um viðskiptaaðila vegna stálsins og að Adakris myndi missa heildarverkið, vegna beggja skóla, ef Adakris stæði ekki við tímaáætlun verksins á þessum tíma. Halldór hafi í framhaldinu lagt fram samningsdrög sem hann hafi þrýst á, með þekkingu sinni á atvinnuleyndarmálum Adakris, að félagið undirritaði. Sem stjórnendur Adakris hafi gert, þann 30. apríl 2010, sbr. fylgiskjal með bréfinu.

19. Samkvæmt samningnum hækki einingarverð almennt ekki frá upphaflegu tilboði heldur sé bætt við verklið í magnskrá samningsins sem engin innstæða sé talin fyrir, þ.e. hvorki komi fyrir þjónusta eða vörur. Hækkunin, eða þóknunin, sem Halldór, þá fyrir hönd félags hans Úlfsins Byggingavöruverslunar ehf., hafi krafist, hafi verið hækkun á heildargreiðslu sem færð hafi verið í samninginn sem liðurinn „framvinda“, sbr. magnskrá í 11. gr. samningsins. Fyrir hafi Adakris átt að greiða tiltekna fjárhæð sem einhliða hækkun á samningsverði, án eðlilegra breytinga eða skýringa. Aðrar breytingar á magni og verði í samningnum hafi verið taldar eðlilegar af hálfu stjórnenda Adakris, m.a. þar sem óskað hafi verið eftir fleiri boltum en í tilboði o.s.frv. Halldór hafi þannig hækkað verðið í þær fjárhæðir sem, nú sé talið að hann hafi þá vitað, að Adakris hafi átt að fá fyrir verkþáttinn í heild sinni samkvæmt útfylltri tilboðsskrá verksins og hafi gert það á tíma sem Adakris hafi ekki getað leitað annað með viðskiptin. Á þeim tíma hafi Adakris ekki getað leitað annað þar sem tími til framkvæmdar verkþáttarins hafi verið orðinn svo knappur að Adakris hafi átt hættu á að missa bæði verkin ef tafir hefðu orðið á. Hafi meiri hagsmunir orðið að ganga fyrir minni þegar stjórnendur Adakris hafi ákveðið að undirrita samninginn og undirgangast einhliða hækkun verðsins.
20. Stjórnendur Adakris telji ljóst að Halldór hafi fært sér í nyt upplýsingar úr útfylltum tilboðsskrám vegna skólanna, og aðrar trúnaðarupplýsingar félagsins sem Halldór hafi fengið frá kæranda, m.a. upplýsingar um stöðu og tímaáætlun á verkinu sem og samskipti Adakris við Reykjavíkurborg, m.a. til þess að þvinga fram hækkun á verði, langt umfram það sem eðlilegt hafi getað talist samkvæmt framangreindu. Einnig telji stjórnendur Adakris að Halldór hafi almennt fært sér í nyt atvinnuleyndarmál þau sem kærandi hafi lekið til hans allt frá upphafi þess tíma sem Halldór hafi viðurkennt að kærandi hafi byrjað að leka til hans upplýsingum sem, eðli máls samkvæmt, Halldór hafi mátt vita að honum væri ekki heimilt. Samkvæmt því hafi Halldór brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 og með því hugsanlega einnig gerst brotlegur við m.a. ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sé þess krafist að Halldóri, og félögum honum tengdum, verði gert að nýta ekki þau atvinnuleyndarmál sem Halldór, og hugsanlega aðrir starfsmenn hans,

hafi komist yfir, en aflað hafi verið með broti á 1.-3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, sem og gert að sæta viðurlögum, sbr. 26. gr. laganna.

21. Bréfinu fylgdu m.a. afrit af tölvupóstsamskiptum, sem nauðsynlegt er að gera grein fyrir. Í fyrsta lagi er um að ræða tölvupóst frá kæranda til Halldórs Úlfars Halldórssonar, dags. 14. desember 2009, sem Halldór áframsendi lögmanni Adakris UAB þann 28. september 2010. Efnislýsing tölvupóstsins er „Ath.“ og þar segir: „[...]“

“

22. Í öðru lagi liggur fyrir tölvupóstur lögmanns Adakris UAB til Halldórs Úlfars Halldórssonar, dags. 27. september 2010, og tvenn svör Halldórs við honum. Efnislýsing tölvupósts lögmannsins er „Upplýsingaleki“. Þar er Halldóri þakkað fyrir samtalið á föstudaginn og síðan segir: „Gætirðu staðfest við mig að Einar Matthíasson, fyrrum starfsmaður Adakris, lak m.a. í þig munnlegum upplýsingum um rekstur fyrirtækisins, bæði sem varðar fjárhagslega þætti sem og sem sneri almennt að rekstrinum. Þá hefur jafnframt komið fram að Einar hafi afhent þér gögn sem Adakris notaðist við í útboði Reykjavíkurborgar v Sæmundar- og Norðlingaskóla. Gætirðu staðfest það. Að lokum væri gott ef þú gætir grófáætlað á hvaða tímabili umræddur leki átti sér stað, þ.e. hvenær hann hófst og hvenær þú fékkst síðustu upplýsingarnar frá Einari.“ Halldór svaraði samdægurs með tölvupósti. Þar er seint svar fyrst afsakað og síðan segir: „Ég á tvö email til staðfestingar og útboðsgögn Adakris v/Norðlingaskóla. Ég finn ekki gögnin v/Sæmundarskóla, þrátt fyrir mikla leit á laugardaginn. Ég staðfesti allt og verð með klárt fyrir hádegi á morgun.“

23. Halldór sendi lögmanni Adakris USB síðan nýjan tölvupóst daginn eftir, þ.e. 28. september 2010, þar sem segir: „Einar lét mig vita þegar Adakris gerði reikning á borgina og hvaða upphæðir væru í gangi. Einnig malaði hann stöðugt um að Adakris væri að fara á hausinn en rökstuddi það aldrei nánar, það var samt nóg til þess að ég keypti þá hugmynd hjá honum. Einar lét mig hafa tilboðsskrá Adakris v/Sæmundarskóla og Norðlingaskóla með útboðstölum Adakris. Ég finn ekki útboðsskrána v/Sæmundarskóla en er með Norðlinga gögnin og get komið þeim til Einars Inga. Ég gæti trúað að það sé ca. ár síðan þetta byrjaði, sept. okt. 2009. Hvenær ég fékk síðustu upplýsingar er ekki gott að segja, það er töluvert síðan ég hætti að hlusta á karlinn. Einar kom fyrir nokkrum mánuðum með þær upplýsingar að Adakris skuldaði yfir 70 mills í opinber gjöld (hann áttaði sig auðvitað ekki á að ég vissi mikið meira um þessar tölur en hann) og í framahldi komu allskonar fabúleringar um gjalþrot Adakris, undanskot og fleira í þeim dúr. Það var á þessum tímapunkti sem ég byrjaði að efast um það sem hann var að segja mér því ég vissi betur með þetta mál vegna þeirra samskipta sem við Ágúst höfðum átt vegna opinberu gjaldanna. Síðustu upplýsingar frá Einari komu nákvæmlega sl. föstudag en þá tjáði hann mér að borgin væri í þann veginn að fara taka verkin af Adakris en rökstuddi það samt ekkert nánar, hann hafði hitt Friðgeir og Ámunda daginn áður að mig minnir. Vona að þetta komi að einhverju gagni. Þú lætur mig vita ef þig vantar eitthvað meira. Ég á eitt eða tvö email sem ég skal senda eftir smá.“ Áðurnefnt tölvubréf kæranda til Halldórs, dags. 14. desember 2009, var síðan áframsent lögmanninum stuttu síðar sama dag.

24. Með bréfum Neytendastofu, dags. 27. janúar 2011, var kæranda og Halldóri Úlfari Halldórssyni kynnt framkomið erindi og óskað eftir skýringum eða athugasemdum þeirra við það. Svar af hálfu kæranda barst með bréfi lögmanns hans, dags. 1. mars 2011. Í bréfinu er því mótmælt að kærandi hafi á nokkurn hátt brotið gegn lögum nr. 57/2005 á meðan hann starfaði hjá Adakris eða þar á eftir. Áður en fjallað sé efnislega um málið sé hins vegar nauðsynlegt að færa rök fyrir því hvers vegna Neytendastofu beri að vísa erindinu frá. Í erindinu geri Adakris UAB svohljóðandi kröfu: „Er þess krafist að Einari Matthíassyni verði gert að nýta ekki atvinnuleyndarmál þau sem hann fékk aðgang að í starfi sínu hjá Adakris, en hann hefur ekki heimild til að hagnýta þau eða upplýsa aðra um sbr. 2. og 3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, sem og honum gert að sæta viðurlögum sbr. 26. gr. laganna“. Þessi krafa verði ekki skilin á annan hátt en að Neytendastofu sé uppálagt í úrskurðarorði sínu að banna kæranda nýtingu ótilgreindra atvinnuleyndarmála í framtíð sbr. orðalagið „verði gert að nýta ekki“. Umrædd krafa sé tekin upp út tilvitnuðum lagaákvæðum. Því verði ekki betur séð en að Neytendastofu sé uppálagt í erindinu að fyrirskipa kæranda að fara að settum lögum í landinu í framtíðinni. Kærandi sé þegar bundinn af umræddu lagaákvæði, rétt eins og aðrir Íslendingar og krafan sé því markleysa. Þessi lög hafi hann að auki ekki brotið.
25. Engin krafa sé gerð um að Neytendastofa staðfesti eða viðurkenni að kærandi hafi með verkum sínum þegar gerst brotlegur við lög nr. 57/2005. Í erindinu sé ekki vísað til tiltekins tilviks þar sem kærandi eigi að hafa dreift eða hagnýtt sér meint atvinnuleyndarmál. Vísað sé til gróusagna og „rökstudds gruns“ og látið nægja því til staðfestingar að leggja fram póstsamskipti við þriðja mann án þess að sýna fram á hvenær eða hvernig kærandi eigi að hafa dreift meintum atvinnuleyndarmálum. Því sé ekki haldið fram í erindi Adakris UAB að kærandi hafi á nokkurn hátt dreift eða hagnýtt sér atvinnuleyndarmál eftir að hann hætti hjá félaginu í september 2009. Þvert á móti sé tekið fram að í kjölfar starfsloka hafi markvisst verið gripið til ráðstafana til að takmarka aðgang hans að upplýsingum. Kærandi hafi engin afskipti haft af félaginu eða málefnum þess frá því að hann lauk störfum enda hafi hann hvorki áhuga né aðstöðu til þess. Ekki verði séð hvernig Neytendastofa geti tekið kröfu Adakris UAB upp í ákvörðunarorð og þannig bannað kæranda í framtíðinni að brjóta gegn lögum nr. 57/2005 eins og virðist vera gerð krafa um. Sama gildi um viðurlagaskröfu Adakris UAB. Ekki verði séð hvernig hægt sé að úrskurða kæranda til viðurlaga án þess að fyrst sé viðurkennt að hann hafi gerst brotlegur við einhver tiltekin lagaákvæði þannig að viðurlögum sæti. Eins og að ofan sé rakið hafi ekki verið gerð krafa um slíka viðurkenningu af hálfu Adakris UAB. Ljóst sé að kæranda verði ekki ákvörðuð viðurlög vegna hugsanlegra óframminna brota í framtíðinni.
26. Valdsvið Neytendastofu standi ekki til þess að banna mönnum einhver ótiltekin verk um ókomna framtíð nema slíkt sé gert sem viðbrögð við byrjuðu eða yfirvofandi ólögsmætu ástandi. Ekkert slíkt ástand sé til staðar enda ljóst að kærandi hafi hvorki í fortíð, né ætli sér í framtíð, að dreifa eða hagnýta sér nokkuð sem flokkast geti sem atvinnuleyndarmál fyrirtækisins Adakris UAB. Í samræmi við ofangreint sé ótvírætt að krafa Adakris UAB sem sett sé fram í erindi fyrirtækisins til Neytendastofu sé svo vanreifuð og óskýr að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá. Grundvallaratriði sé að þeir sem beini kröfum til Neytendastofu og meðal annars krefjist refsiviðurlaga þurfi að haga kröfugerð sinni þannig að hún sé tæk til ákvörðunar. Eigi þar við sömu sjónarmið og almennt í einkamáli sbr. m.a. 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Að öðrum kosti sé

þeim aðilum sem verði að bera hönd yfir höfuð sér hjá stjórnvöldum gert erfitt um vik enda ljóst að illmögulegt sé að verjast kröfum sem séu jafn vanreifaðar og óljósar og raun beri vitni í máli þessu.

27. Telji Neytendastofa, þrátt fyrir ofangreint, að erindi Adakris UAB sé tækt til efnismeðferðar sé nauðsynlegt að gera stuttlega grein fyrir því hver aðkoma kæranda hafi verið að fyrirtækinu. Ágúst Alfreð Snæbjörnsson, fyrirsvarsmaður Adakris UAB, hafi leitað til kæranda síðsumars árið 2008 og óskað eftir starfskröftum hans við ráðgjöf og byggingarstjórn vegna tveggja verkefna sem Adakris UAB hafi verið lægstbjóðandi í, Norðlingaholt og Sæmundarskóla. Mikilvægt sé að leiðrétta það sem fram komi erindi Adakris UAB þess efnis að félagið hafi komið að ótal tilboðum og verkum á undanförunum árum. Þetta sé rangt. Félagið hafi komið að þessum tveimur verkum, Norðlingaholti og Sæmundarskóla, þar með sé það upptalið. Reynsla félagsins á íslenskum verktakamarkaði hafi því verið engin þegar kærandi hafi hafið þar störf. Fljótlega hafi orðið ljóst að ekki yrði mögulegt að vinna þessi verk eins og litháískir stjórnendur Adakris UAB höfðu ætlað enda hafi þá skort alla þekkingu á íslenskum byggingamarkaði. Vegna þessa hafi aðkoma kæranda að félaginu orðið talsvert meiri en í upphafi var ætlað enda kærandi þaulreyndur byggingastjóri og verkefnastjóri. Hann hafi því tekið yfir alla umsjón með báðum framangreindum verkum.
28. Aðkoma hans hafi ekki verið takmörkuð við það. Þar sem Ágúst Snæbjörnsson og aðrir fyrirsvarsmenn Adakris UAB hafi ekki notið fyrirgreiðslu í íslenskum bönkum í kjölfar bankahruns hafi það einnig orðið hlutverk kæranda að miklu leyti að liðka fyrir og útvega fjármögnun fyrir félagið, greiða fyrir viðskiptum við undirverktaka og birgja og nýta sambönd sín til að tryggja lánsfjármagn. Hafi kæranda verið þetta nauðsynlegt til þess að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækisins. Þetta hafi þó ekki nægt þannig að kærandi hafi gripið til þess ráðs að lána félaginu sjálfur fjármuni til að hægt væri að halda verkefnum gangandi. Hafi hann því frestað móttöku launa, lánað beint og ábyrgst persónulega greiðslur til birgja og annarra á því tímabili sem hann starfaði fyrir félagið. Kærandi hafi þó hvorki verið hluthafi eða framkvæmdastjóri félagsins. Hann hafi eingöngu verið starfsmaður. Nauðsynlegt sé að hafa þetta í huga þegar málalíbúnaður Adakris sé metinn. Telja verði fráleitt að ætla að starfsmaður sem svo annt sé um rekstur félagsins að hann láni því persónulega verulegar fjárhæðir til að reksturinn hreinlega stöðvist ekki, sé samtímis að grafa undan rekstrinum með því að dreifa atvinnuleyndarmálum félagsins. Slíkt gangi ekki upp enda ekki í samræmi við raunveruleikann.
29. Raunveruleikinn sé sá að kærandi hafi aldrei án vilja og vitundar fyrirsvarsmanna félagsins dreift upplýsingum til þriðja manns. Þá sé því einnig hafnað að kærandi hafi nokkurn tímann yfir höfuð dreift eða hagnýtt sér eitthvað sem flokkast geti sem atvinnuleyndarmál Adakris í skilningi laga nr. 57/2005. Í erindi Adakris UAB séu engin bein dæmi nefnd fyrir því hvenær kærandi eigi að hafa gert slíkt og ekki sé þess getið nákvæmlega hvaða gögn sýni fram á að um slíkt hafi verið að ræða. Reyndar sé hægt að skilja erindið svo að kærandi hafi átt að dreifa útfylltum tilboðsskrám vegna tiltekinna verkefna án þess að það sé nokkuð rökstutt frekar eða nefnd tilvik. Meðfylgjandi erindinu séu tölvupóstsamskipti frá Halldóri Úlfari Halldórssyni þar sem nefnd séu tilboðsgögn án þess að nefnt sé nokkuð um útfyllt tilboðsgögn. Hann taki jafnframt fram að hann geti ekki fundið þá pósta sem um ræði. Mikill munur sé á óútfylltum og útfylltum tilboðsskrám í þessu samhengi. Nauðsynlegt sé að taka það fram þar sem kærandi sé ítrekað í erindi Adakris sakaður um að hafa

lekið útfylltum tilboðsskrám. Slíkt hafi hann aldrei gert. Kærandi hafni því að hann hafi sent Halldóri eða nokkrum öðrum gögn sem talist geta atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005. Slíkt verði að teljast fullkomlega ósannað.

30. Þá sé jafnframt meðfylgjandi erindinu tölvupóstur frá kæranda sjálfum, sem sé eina dæmið um upplýsingar sem kærandi hafi veitt, sem staðfest verði í gögnum málsins og ekki felist í óljósum ásökunum Adakris og gruns þess. Því sé nauðsynlegt að skýra tildrög þess pósts. Á þeim tíma sem pósturinn hafi verið sendur hafi viðtakandi þeirra, Halldór Úlfar Halldórsson, verið, eins og reyndar sé lýst í erindi Adakris UAB, í miklum viðskiptum við félagið í gegnum ýmis eignarhaldsfélög. Viðræður hafi staðið yfir milli Halldórs og Ágúst Snæbjörnssonar, fyrirsvarsmanns Adakris á Íslandi um hugsanlega sameiningu að hluta milli Adakris og þess félags Halldórs sem séð hafi um innflutning á byggingavörum. Hafi Ágúst og Halldór rætt talsvert saman vegna þessa. Sem hluta af því ferli hafi Halldór meðal annars óskað eftir upplýsingum um skuldastöðu félagsins og af þeim sökum hafi Ágúst Snæbjörnsson, yfirmaður kæranda og fyrirsvarmaður Adakris óskað eftir því að kærandi sendi honum samantekt á stöðunni í tölvupósti. Hafi kærandi gert það og þannig staðfest upplýsingar sem Halldór hafði áður fengið frá Ágústi. Sé það ástæða þess pósts sem fylgt hafi erindi Adakris. Þetta sé beinlínis staðfest í tölvupóstunum sem fylgt hafi erindinu.
31. Fráleitt verði að telja að kærandi verði talinn hafa dreift atvinnuleyndarmálum í skilningi laga nr. 57/2005 með því að hafa veitt Halldóri upplýsingar samkvæmt beiðni yfirmanns hans og það upplýsingar sem sami yfirmaður hafi þegar veitt Halldóri munnlega. Þar fyrir utan sé þarna um að ræða upplýsingar um útistandandi opinber gjöld en slíkar upplýsingar sé hægt að fá með einu símtali til tollstjóra. Þrátt fyrir að ekki sé gerð krafa um það í erindi Adakris UAB að viðurkennt verði að kærandi hafi brotið ákvæði laga nr. 57/2005, sé fjöldi óljósra ásakana í erindinu þess efnis. Sér í lagi sé mikið lagt upp úr því í erindinu að fella útfylltar tilboðsskrár undir hugtakið atvinnuleyndarmál áður en það sé svo fullyrt án nokkurra sannana að kærandi hafi dreift slíkum skráum til aðila utan fyrirtækisins. Slíkum fullyrðingum sé mótmælt sem röngum og fullkomlega ósönnuðum. Fullyrðing í tölvupósti Halldórs, dags. 28. september 2010, þess efnis að kærandi hafi látið hann hafa tilboðskrá vegna Sæmundarskóla sanni ekkert í þeim efnunum. Enda taki Halldór fram í sama pósti að hann reyndar finni ekki þessi gögn vegna Sæmundarskóla, þó hann sé með „Norðlinga gögnin“, sem hann geti komið til þeirra. Ekkert af þessu sé látið fylgja með erindinu einfaldlega vegna þess að þrátt fyrir þessar yfirlýsingar Halldórs sé staðreyndin sú að ekki séu til staðar nein gögn hjá honum eða öðrum sem sýni fram á að kærandi hafi sent slíkar upplýsingar. Telja verði líklegt að þau hefðu fylgt erindinu til Neytendastofu væru þau yfir höfuð til staðar. Svo sé ekki.
32. Þá sé einnig nauðsynlegt að mótmæla kröfu Adakris UAB um að kæranda verði gert að sæta viðurlögum skv. 26. gr. laga nr. 57/2005. Í þeirri grein sé mælt fyrir um að fésektir eða fangelsisrefsingu. Engar forsendur séu til að ákvarða kæranda refsingu af nokkru tagi enda meint brot hans fullkomlega ósönnuð. Vilji svo ólíklega til að Neytendastofa telji meint brot hans engu að síður fullsönnuð verði ekki talið að vald Neytendastofu nái til þess að ákvarða kæranda refsingu í málinu. Þau meintu brot sem borin séu uppá kæranda í erindinu heyri undir VI. kafla laga nr.

57/2005 um trúnaðarskyldu, nánar tiltekið 16. gr. c. Nefnd 26. gr. laganna sem vísað sé til í erindi Adakris heimili ekki álagningu stjórnvaldssekta gagnvart einstaklingum sem brjóti gegn ákvæðum 16. gr. c. Vísist í því sambandi til ákvörðunar Neytendastofu 15. febrúar 2011 (4/2011). Þá verði að telja óumdeilt að Neytendastofu skorti vald til að dæma einstaklinga í fangelsi, hvað sem líði augljósum skorti í erindi Adakris UAB á nákvæmri verknaðarlýsingu og heimfærslu undir tilheyrandi refsíákvæði, sbr. meginreglu refsiréttar.

33. Svar af hálfu Halldórs Úlfars Halldórssonar við bréfi Neytendastofu barst með bréfi lögmanns hans, dags. 7. mars 2011. Þar er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að Halldór eða félag honum tengd hafi brotið gegn lögum nr. 57/2005. Í bréfinu segir að áður en þau sjónarmið verði reifuð, þyki rétt að vekja athygli á atriðum sem eigi að valda því að málinu verði vísað frá. Allur málatilbúnaður Adakris UAB og kröfugerð málsins sé það vanreifaður að hjá því verði ekki komist að vísa málinu frá. Kröfugerð Adakris UAB gagnvart Halldóri sé svohljóðandi: „Er þess krafist að Halldóri, og félögum honum tengdum, verði gert að nýta ekki atvinnuleyndarmál þau sem Halldór og hugsanlega aðrir samstarfsmenn hans, hafa komist yfir, en aflað var með broti á 1.-3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, sem og gert að sæta viðurlögum, sbr. 26. gr. laganna.“ Krafa þessi virðist byggja á því að Halldóri, eða félag honum tengd, verði í framtíðinni gert óheimilt að nýta atvinnuleyndarmál sem þau hugsanlega búi yfir.
34. Almennt megi segja að kröfugerð þurfi að meginreglu til að vera svo ákveðin og ljós að unnt sé að taka hana óbreytta sem ályktunarorð í niðurstöðu máls, séu efnisleg skilyrði á annað borð fyrir þeim málalokum. Þannig verði niðurstaðan að vera það ákveðin og ljós að hún leiði ein og sér til málaloka um sakarefnið og ekki megi skírskota til atvika sem síðar kunna að koma fram, sbr. 1. mgr. 80. gr. og 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991. Þá hafi Adakris UAB ekki lögvarða hagsmuni af kröfugerðinni, þar sem kröfugerðin byggji á því að leggja bann við hagnýtingu upplýsinga í framtíðinni meðan allur málatilbúnaðurinn byggji á atvikum sem nú þegar hafi átt sér stað. Í erindinu sé þess krafist að beitt verði refsiviðurlögum. Halldór sé tengdur fjölmörgum félögum og eðlilegt hefði verið að tilgreina sérstaklega að hvaða félögum kröfunni sé beint. Þá sé þáttur hvers og eins aðila í meintum brotum órökstuddur. Við þetta sé svo að bæta að í erindi Adakris UAB sé því haldið fram að Halldór hafi almennt fært sér í nyt atvinnuleyndarmál, án þess að það sé rökstutt. Verknaðarlýsing þess sé verulega ábótavant og heimfærsla til refsíákvæða ekki í samræmi við verknaðarlýsingu. Þá sé ekki skýrt hver þátttaka hvers og eins sé í hinum áætluðu brotum. Þetta sé í hróplegu ósamræmi við meginreglur sakamálaréttarfars. Að gættu því sem að framan greini þyki þeir annmarkar vera á reifun málsins af hendi Adakris UAB og röksemdum fyrir kröfunum sem og útlistun þeirra að Halldóri sé gert erfitt um vik að verja sig gegn ásökunum Adakris UAB. Sé því óhjákvæmilegt að vísa málinu frá Neytendastofu.
35. Verði talið, þrátt fyrir framangreint, að erindi Adakris UAB sé tækt til efnismeðferðar, þyki rétt að taka eftirfarandi fram. Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu að brotið hafi verið gegn lögum nr. 57/2005. Adakris UAB hafi ekki sýnt fram á þau gögn, sem kæranda sé gefið að sök að hafa lekið, teljist vera atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005. Sönnunarbyrði um að gögn sem njóti verndar 16. gr. c. áðurnefndra laga hafi verið að ræða liggi hjá Adakris UAB. Þá sé hluti þeirra upplýsinga sem hann eigi að hafa lekið um útistandandi opinber gjöld, sem teljist opinberar

upplýsingar. Þær upplýsingar sem um sé deilt í málinu hafi borist fyrir tilstuðlan Ágústs Snæbjörnssonar, fyrirvarsmanns Adakris UAB. Staðfestingu þess efnis sé að finna í tölvupósti sem Adakris UAB hafi lagt fram í málinu. Hafi það ekki áhrif á sönnunargildi þessarar fullyrðingar þó svo rekja megi hana til Halldórs, enda hafi Adakris UAB ekki mótmælt innihaldi þessa tölvupósts, heldur þvert á móti lagt hann fram kröfum sínum til stuðnings. Það sé ekki í verkahring Neytendastofu að draga í efa mat Ágústs á því hvað teljist vera trúnaðarupplýsingar og hvað ekki.

36. Í erindi Adakris UAB sé Halldóri m.a. gefið að sök að hafa nýtt sér meintar trúnaðarupplýsingar og atvinnuleyndarmál almennt. Fullyrðing þessi sé ósönnuð og henni sé mótmælt sem rangri. Með verksamningi aðila, dags. 30. apríl 2010, hafi Úlfurinn byggingavörur tekið að sér að reisa og leggja til stálvirki á verki verkkaupa við Norðlingaskóla. Verksamningur þessi hafi m.a. byggt á tilboði Úlfsins byggingavara sem borist hafi Adakris UAB með tölvupósti, dags. 9. nóvember 2009. Rétt sé þó að taka fram að í því tilboði hafi einungis verið um að ræða efni í stálvirkið, líkt og tölvupósturinn beri með sér, enda sé Úlfurinn byggingavörur fyrst og fremst efnissali en ekki verktaki. Því sé mótmælt sem röngu sem fram komi í erindi Adakris að með tölvupóstinum, dags. 9. nóvember 2009, hafi stofnast samningur milli Adakris UAB og Úlfsins byggingavara um að hinn síðarnefndi tæki að sér að útvega efni og vinnu vegna stálvirkisins við Norðlingaskóla. Ítrekað sé að tilboðið hafi einungis verið um efnið í stálvirkið. Raunar sé þessi skilningur staðfestur í erindi Adakris, þar sem fram komi að upphaflega tilboðið hafi einungis verið vegna efniskaupa.
37. Ágúst Snæbjörnsson hafi tjáð Halldóri að til þess að hægt yrði að ganga til samninga við Halldór þyrfti hann einnig að taka að sér að reisa stálvirkið. Af þessu megi ráða að tilboði Halldórs, dags. 9. nóvember 2009, hafi verið hafnað. Þar sem Úlfurinn byggingavörur sé, líkt og áður hafi komið fram, fyrst og fremst efnissali hafi fyrirtækið fengið Stálgæði ehf. til að annast alla vinnuna við að reisa stálvirkið. Hafi því eðli málsins samkvæmt verið gerður samningur, sem byggði að einhverju leyti á tilboði Halldórs, dags. 9. nóvember 2009, sem hafi verið undirritaður, þann 30. apríl 2010. Í þeim samningi hafi verið búið að bæta við liðnum „framvinda“, sem hafi verið greiðsla vegna vinnunnar við að reisa stálvirkið og skyldi greiðast í samræmi við framvindu verksins. Samningur þessi hafi einungis byggst á viðskiptalegum forsendum, og sé fjarstæðukennt að halda því fram að Halldór hafi nýtt sér trúnaðarupplýsingar og/eða atvinnuleyndarmál við samningsgerðina. Þá sé fráleitt að bera saman ósamþykkt tilboð Halldórs, frá 9. nóvember 2009, við samning aðila, dags. 30. apríl 2010, enda hafi sá síðarnefndi verið mun umfangsmeiri.
38. Í bréfinu er loks vísað til þess að af hálfu Adakris sé þess krafist að Halldóri og félögum honum tengd verði gert að sæta viðurlögum skv. 26. gr. laga nr. 57/2005. Samkvæmt 4. gr. laganna fari Neytendastofa með eftirlit samkvæmt lögnum. Í IX. kafla laganna sé m.a. kveðið á um viðurlög gegn brotum á lögnum. Í 22. og 23. gr. laganna sé með tæmandi hætti kveðið á um til hvaða úrræða Neytendastofa geti gripið sé brotið gegn lögnum. Valdheimildir Neytendastofu standi ekki til að dæma um brot gegn lögum þessum á grundvelli 26. gr. laganna, enda hljóti það eðli málsins samkvæmt að vera í verkahring ákærvaldsins að láta aðila máls sæta viðurlögum samkvæmt 26. gr. laganna.

39. Með bréfi Neytendastofu til lögmanns Adakris UAB, dags. 8. mars 2011, voru félaginu kynnt svör kæranda og Halldórs Úlfars Halldórssonar og gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum við bréfin. Svar barst með bréfi, dags. 21. mars 2011. Þar kemur fram að frávísunarkröfur kæranda og Halldórs séu að hluta til byggðar á sömu rökum, þess efnis að kvörtun Adakris uppfylli ekki með einhverjum hætti ætluð formskilyrði sem þar séu átalín, auk þess sem efni kvörtunarinnar sé svo illa fram sett að hún sé vanreifuf. Þeirri túlkun sé alfarið hafnað sem rangri af hálfu Adakris. Formreglur þær sem gagnaðilar telji til í skýringum sínum gildi hreinlega ekki um mál fyrir Neytendastofu og jafnvel þótt þær gerðu það sé kvörtun Adakris efnislega skýr. Kvörtunin sé það skýr að báðum gagnaðilum hafi tekist að greina um hvað málið snúist og finna fyrir því ýmsar varnir. Adakris fari fram á að upprunaleg kvörtun verði tekin til efnislegrar meðferðar og rannsóknar, að teknu tilliti til eftirfarandi skýringa og athugasemda.
40. Neytendastofa sé stjórnvald sem falið sé lögbundið eftirlit með ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, sbr. 4. gr. laganna. Samkvæmt efnislegu innihaldi greinarinnar sé Neytendastofu ætlað að framfylgja boðum og bönnum laganna, ákveða aðgerðir, afgreiða mál, rannsaka og taka ákvarðanir. Neytendastofa hafi til þess víðtækar heimildir, þ.m.t. rétt til að krefjast upplýsinga, gera leit að upplýsingum, leggja hald á muni og aðrar rannsóknarheimildir. Auk þess geti Neytendastofa gripið til sérstakra aðgerða, sbr. 2. mgr. 21. gr. b, lagt á stjórnvaldssektir og/eða hlutast til um að refsað verði fyrir brot gegn lögnum, sbr. 26. gr. laganna. Þá hafi Neytendastofa heimild til þess að setja almennar reglur um beitingu ákvæða II.-V. kafla laga nr. 57/2005, en stofnunin hafi ekki birt slíkar reglur. Án sérstakra reglna um hvernig ákvæðum II.-V. kafla skuli beitt verði Neytendastofu ekki svo þröngt skorinn stakkurinn að henni beri að vísa frá málum sem ekki byggja á formkröfum sakamálaréttarfars, eða jafnvel einkamálaréttarfars. Slíkt væri fjarstæðukennt enda Neytendastofa hvorki hluti ákærvaldsins né dómstóla. Neytendastofa sé, eins og framan greini, stjórnvald. Um formskilyrði þau sem stjórnvöld geti sett aðilum fyrir stjórnarsýsluákvarðanir gildi helst lágmarksskilyrði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Almennar formkröfur til umsókna um ákvarðanir, kærur til lögreglu og/eða annars þess háttar séu án sérstakra settra, birtra og gildra reglna mjög litlar.
41. Lögjöfnun við sakamálaréttarfar eða lög um meðferð einkamála eigi ekki við enda Adakris hvorki að ákæra né stefna gagnaðilum sínum í málinu fyrir Neytendastofu. Neytendastofa sé heldur ekki í hlutverki dómstóla. Hafa verði í huga að Neytendastofa sé fyrst og fremst eftirlitsaðili gagnvart boðum og bönnum laga nr. 57/2005. Hlutverk hennar sé því mun keimlíkara hlutverki Samkeppniseftirlitsins eða Fjármálaeftirlitsins heldur en ákærvalds eða dómstóla. Innan Neytendastofu starfi neytendaréttarsvið gegn óréttmætum viðskiptaháttum og hafi verið falið eftirlit með lögum nr. 57/2005. Mál vegna laganna geti m.a. hafist með kvörtun og um kvartanir frá fyrirtækjum séu formskilyrði sem sett séu af Neytendastofu birt á heimasíðu stofnunarinnar: „Fyrirtæki sem vill fá erindi tekið til meðferðar sendir Neytendastofu skriflegt erindi þar sem málavöxtum er lýst ásamt tilheyrandi gögnum“. Adakris hafi, 14. janúar 2011, sent skriflegt erindi til Neytendastofu þar sem málavöxtum hafi verið lýst ásamt tilheyrandi gögnum. Ekkert komi fram í leiðbeiningum Neytendastofu um aðrar kröfur til kvörtunar né að kvörtun skuli með einhverjum hætti fylgja öðrum formreglum. Sérstaka athygli veki að Neytendastofa óski ekki eftir því að

fyrirtæki sem sendi stofnuninni erindi leggi fram sérstaka kröfugerð, hvað þá kröfugerð sem Neytendastofa geti tekið beint upp í ákvörðunarorð sín.

42. Gagnaðilar finni hins vegar að því að kvörtun Adakris sé ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar séu til ákæru og stefnu. Kvörtuninni hafi hvorki verið ætlað að ákæra né stefna. Þó telji Adakris kvörtun sína innihalda efnislega flest það sem ákæra eða stefna þyrfti að innihalda, þ.e. nauðsynlega málavaxtalýsingu og málsástæður. Samkvæmt kvörtuninni telji Adakris gagnaðila hafa brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 og kvarti undan nánar tilgreindum málsástæðum. Adakris telji fullt tilefni fyrir Neytendastofu að taka stjórnvaldsákvörðun um hvort hefja eigi rannsókn á ætluðum brotum í samræmi við kvörtun Adakris. Reyndar telji Adakris að Neytendastofa hafi þegar tekið þá ákvörðun þegar mál hafi verið stofnað utan um kvörtunina og sent gagnaðilum til umsagnar. Ljóst sé að hér sé ekki um að ræða full rannsakað mál af hálfu Adakris sem afhent sé tilbúið til úrskurðar. Adakris hafi ekki til þess hlutverk eða heimildir. Neytendastofa hafi hins vegar til rannsóknar bæði hlutverk og heimildir.
43. Að áeggjan gagnaðila telji Adakris rétt að skýra kröfu sína gagnvart Neytendastofu jafnvel þótt Adakris telji sér það ekki skylt. Það sem Adakris óski frá Neytendastofu sé að stofnunin:

„i. taki erindi Adakris frá 14. janúar 2011 ásamt skýringum þessum til sérstakrar meðferðar,

ii. rannsaki efnislegt innihald erindis Adakris og kvörtunar með öllum þeim heimildum og úrræðum sem stofnunin hefur yfir að ráða,

iii. taki afstöðu til og skeri úr um hvort:

a. Adakris geti átt lögvarða hagsmuni að gæta í málinu,

b. Adakris geti átt yfir atvinnuleyndarmálum að ráða sem njóti verndar samkvæmt 16. gr. c. laga nr. 57/2005,

c. upplýsingar þær sem eru í útfylltum tilboðsskrám útboða njóti verndar vegna þess að það liggur í hlutarins eðli,

d. það liggir í hlutarins eðli að reyndir byggingastjórar og sérfræðingar eigi að vita að slíkar upplýsingar njóti verndar,

e. það liggir í hlutarins eðli að samkeppnisaðilar á markaði og stjórnendur byggingaverktaka, byggingavörusala og annarra þjónustuaðila sem taka þátt í útboðum, þ.m.t. með undirverktökum, eigi að vita að útfylltar tilboðsskrár úr útboðum samkeppnisaðila njóti verndar,

f. líklegt sé að Einar Matthíasson hafi haft lögsmáttan aðgang að upplýsingum Adakris er njóta verndar,

g. líklegt sé að Einar Matthíasson hafi átt að vita að útfylltar tilboðsskrár útboða nyttu verndar,

h. líklegt sé að Einar Matthíasson kunnir að hafa brotið gegn einhverjum ákvæðum laga nr. 57/2005 sem varða IX. kafla laganna,

i. Einar Matthíasson hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005,

j. líklegt sé að Halldór Úlfar Halldórsson hafi haft lögsmáttan aðgang að upplýsingum Adakris er njóta verndar,

k. líklegt sé að Halldór hafi aflað sér upplýsinga Adakris er nutu verndar,

l. líklegt sé að Halldór hafi aflað sér upplýsinga Adakris er nutu verndar með ólögsmáttum hætti,

m. líklegt sé að Halldór hafi fengið upplýsingar er nutu verndar frá aðila er kann að hafa gerst brotlegur við 1. - 3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005,

n. líklegt sé að Halldór hafi með einhverjum hætti fært sér slíkar upplýsingar í nyt,

o. Halldór hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005,

p. ástæða sé og tilefni til að banna Einari og/eða Halldóri hagnýtingu trúnaðarupplýsinga Adakris,

q. ástæða sé til að kæra ætluð brot til frekari rannsóknar lögreglu og/eða hvers þess annars stjórnvalds sem fara skal með sakamálarannsókn og/eða ákæru vegna refsinga við brotum gegn lögum nr. 57/2005, sbr. 26. gr. laganna,

iv. leiðbeini Adakris vegna málsmeðferðar Neytendastofu, óski frekari skýringa að mati stofnunarinnar, sem og vísi málinu til réttis stjórnvalds til frekari efnismeðferðar, þegar og ef við á.“

44. Óski Neytendastofa hins vegar eftir sérstakri kröfugerð með ákveðnu formi áskilji Adakris sér rétt til þess að koma slíkri kröfugerð að síðar á því formi sem Neytendastofa óski. En með hliðsjón af framangreindu sé kröfugerð Adakris til bráðabirgða sú að Neytendastofa staðfesti að upplýsingarnar njóti verndar og að bæði kærandi og Halldór hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 með háttsemi sinni. Háttsemin varði, að mati Adakris, brotum á II.–V. og VI kafla laganna og því sé farið fram á að lagðar verði stjórnvaldssektir á félag Halldórs sem talin verði brotleg í samræmi við ákvæði IX. kafla laganna sem og að Neytendastofa íhlutist um að kærandi og Halldór verði ákærðir fyrir refsiverða háttsemi í samræmi við 26. gr. laganna. Auk þess sé þess krafist að Neytendastofa grípi til allra þeirra úrræða sem henni séu fengin með lögum nr. 57/2005.
45. Varðandi efnislegar athugasemdir kæranda taki Adakris undir sumt af því sem þar komi fram en annað ekki. Því sem ekki sé sérstaklega sammælt eða tekið undir í skýringum Adakris í bréfinu sé mótmælt. Rétt sé að Ágúst Snæbjörnsson hafi nálgast kæranda til að taka að sér byggingastjórn vegna tveggja stórra og mjög mikilvægra verkefna fyrir Adakris á Íslandi. Rétt sé að það hafi verið fyrstu stóru verkefni Adakris hér á landi. Hins vegar sé ekki rétt að félagið hafi ekki komið að öðrum útboðum og verkefnum á undanförunum árum. En rétt sé að aðkoma kæranda hafi orðið mikil að verkefnum Adakris við Sæmundar- og Norðlingaskóla, enda kærandi lykilstarfsmaður með aðgang að trúnaðarupplýsingum félagsins. Á hann hafi verið treyst, bæði sem sérfræðing og einstakling. Því sé heldur ekki mótmælt að kærandi hafi komið á ákveðnum tíma að fjármögnun við byggingaframkvæmdirnar, svo mikið hafi honum verið treyst. Nauðsynlegt sé að hafa í huga að þótt hann hafi á ákveðnum tíma komið að fjármögnum afmarkaðra þátta, þá hafi það ekki verið gert án þess að greiðsla kæmi fyrir og hann hlyti af því hagnað. Ekki hafi verið um góðgerðarstarfsemi að ræða.
46. Þá beri að hafa í huga að því hafi heldur ekki verið haldið fram að kærandi hafi frá fyrsta degi í starfi fyrir Adakris ætlað sér að dreifa trúnaðarupplýsingum félagsins án heimildar, heldur sé það eitthvað sem Adakris óttist að hafi gerst og lýsi málavöxtum í kvörtun sinni. Ekki sé tilgreint í athugasemdum kæranda hvenær gert hafi verið upp við hann vegna fjármögnunar né sé einu orði minnst á að aðrar ástæður sem kærandi kunni að hafa til þess að dreifa atvinnuleyndarmálum Adakris til Halldórs. Þyki það full mikil tilviljun að samkvæmt tímalínu þeirri sem Halldór hafi gefið upp í samtölum við stjórnendur Adakris hafi kærandi hafið að segja honum frá, eða leka til hans eins og Halldór sé sagður hafa orðað það, trúnaðarupplýsingum og atvinnuleyndarmálum frá Adakris, fljótlega eftir að sonur kæranda hafi hafið störf hjá Halldóri. Hverjar ástæður kunni að vera eða hvort til þess þurfi ástæður sé ekki Adakris að meta. Félagið hafi enga ástæðu til að rengja frásögn Halldórs um að kærandi hafi vitandi lekið til hans atvinnuleyndarmálum, né hafi félagið nokkra ástæðu til að telja að í áframsendum tölvupósti sé verið að vísa til atvinnuleyndarmála félagsins.

47. Í athugasemdum kæranda sé fullyrt að hann hafi aldrei dreift atvinnuleyndarmálum án vitundar og samþykkis stjórnenda Adakris né hagrætt eða dreift nokkru því sem geti talist atvinnuleyndarmál Adakris. Þeirri fullyrðingu sé hafnað sem rangri og ósannaðri. Vissulega þarfnist mál þetta frekari rannsóknar enda virðist fullt tilefni til þess að skoða mun fleiri atvik en færri. En til þess að taka eina málsástæðu og verknaðarlýsingu úr kvörtun Adakris sem dæmi til að skýra efni kvörtunarinnar sé rétt að horfa til útfylltra tilboðsskráa vegna útboðs í Sæmundar- og Norðlingaskóla. Slíkt sé beint dæmi um skjal sem hafi að geyma upplýsingar sem Adakris telji njóta verndar sem atvinnuleyndarmál. Kærandi eigi sem sérfræðingur og reyndur byggingastjóri að vita slíkt, eðli máls samkvæmt. Adakris hafi fullyrt í kvörtun og geri enn, þrátt fyrir að kærandi fullyrði um annað, að kærandi hafi aldrei fengið leyfi, heimild eða nokkuð annað sem túlka megi með þeim hætti að hann átt eða mátt senda Halldóri útfyllta tilboðsskrá, hvorki fyrir Norðlingaskóla né Sæmundarskóla. Sama eigi við um aðrar málavaxtalýsingar kvörtunar.
48. Gegn höfnun kæranda standi bæði frásögn Halldórs sem og tölvupóstur sem fylgt hafi kvörtuninni. Réttilega sé athugað í skýringum kæranda að í umræddum tölvupósti skrifi Halldór ekki lengri stíllinn, þ.e. „útfylltar tilboðsskrár“, heldur skrifi hann „tilboðsskrár“, en ljóst sé af samhengi tölvupóstsins sem og viðurkenningu Halldórs að þar sé auðvitað átt við útfylltar tilboðsskrár. Tölvupóstur Halldórs til lögmanns Adakris, dags. 28. september 2010, hafi verið til staðfestingar á því sem Halldór hafi þegar sagt lögmanni Adakris eftir að hafa sagt stjórnendum Adakris frá málinu. Ágúst Snæbjörnsson, forstjóri Adakris, fullyrði að hann hafi aldrei heimilað kæranda að senda Halldóri útfyllta tilboðsskrá, né nokkuð sambærilegt eða óskað eftir því að kærandi sendi Halldóri nokkrar upplýsingar sem kynnu að vera eða varða við atvinnuleyndarmál félagsins. Þyki það vafalaust góð vörn fyrir gagnaðila að fullyrða að hann hafi gert það með leyfi. Skori Adakris því á kæranda að leggja fram sönnun þess efnis að hann hafi haft heimild til að senda Halldóri útfylltar tilboðsskrár. Þá sé ósk Adakris ítrekuð um að málið verði rannsakað og til þess bærum stjórnvöldum falið að láta seka sæta viðurlögum. Að öðru leyti séu ítrekuð fyrri rök.
49. Varðandi efnislegar athugasemdir Halldórs Úlfars Halldórssonar taki Adakris undir sumt af því sem þar komi fram en annað ekki. Því sem ekki sé sérstaklega sammælt eða tekið undir í skýringum Adakris í bréfinu sé mótmælt. Efnislega segi í skýringum Halldórs að Ágúst Snæbjörnsson hafi veitt honum þær upplýsingar sem Adakris hafi kvartað yfir að Halldór hafi fengið án heimildar frá kæranda og síðan hagnýtt sér og sínum fyrirtækjum í viðskiptum við Adakris. Þeim fullyrðingum sé alfarið hafnað sem röngum. Halldór hafi gengist við því að hafa fengið afhentar trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. útfylltar tilboðsskrár vegna Norðlinga- og Sæmundarskóla, frá kæranda vitandi að kærandi hafi afhent þær án heimildar Ágústs eða annarra stjórnenda Adakris. Þá hafi Halldór ekki fengið þessar upplýsingar frá Ágústi, rétt eins og Halldór hafi einnig viðurkennt að hafa hagnýtt þær upplýsingar gegn Adakris. Fráleitt sé að halda því fram að Ágúst hafi á sama tíma veitt Halldóri upplýsingarnar.
50. Það megi hafa í huga að samband Halldórs og félaga undir hans stjórn við Adakris og Ágúst kunni að virðast þeim sem ekki þekkja til, ákaflega undarlegt. Óhætt sé að fullyrða að það viðskiptasamband hafi verið gríðarlega stormasamt. Adakris hafi um tíma verið langstærsti viðskiptavinur félags Halldórs, Úlfsins Byggingarvara ehf. Á tímabili hafi Adakris keypt mjög

mikið af vörum og þjónustu af félögum Halldórs, sérstaklega Úlfinum byggingarvörum. Þegar það hafi hentað Halldóri hafi hann viðurkennt fyrir stjórnendum Adakris að hafa fengið trúnaðarupplýsingar frá kæranda og hagnýtt sér þær m.a. í viðskiptum þeirra vegna stálvirkisins. Síðan hafi hann endurtekið söguna og viðurkennt að mestu fyrir lögmanni Adakris að hafa fengið trúnaðarupplýsingar frá kæranda. En með athugasemdum hans sé dregið allverulega í land. Slíkt breyti þó ekki því sem áður hafi verið sagt. Óþarft sé að endurtaka málavaxtalýsinguna frá kvörtun Adakris.

51. Skýringum Halldórs sem raktar eru í 35.-38. mgr. að framan sé öllum hafnað sem röngum. Sérstaklega sé því hafnað að hægt sé að túlka tölvupóst Halldórs með þeim hætti að í honum felist viðurkenning á því að Ágúst hafi veitt Halldóri trúnaðarupplýsingar. Vísist til tölvupóstsins eins og hann hafi verið lagður fyrir með kvörtun Adakris þess til rökstuðnings. Það að Halldór hafi sagt í póstinum að hann hafi vitað meira en kærandi hafi gefið upp um opinber gjöld Adakris eftir samtal við Ágúst sé ekki hluti kvörtunarinnar. Staða opinberra gjalda hafi ekki verið meðal viðkvæmra trúnaðarupplýsinga eða þess sem kvartað hafi verið undan, heldur það að Halldór hafi tekið við upplýsingum sem hann hafi vitað eða mátt vita að aflað hefði verið með broti á boðum og bönnum laga nr. 57/2005 sem hann síðan hagnýtti sér. Sé þar sérstaklega verið að kvarta undan misnotkun upplýsinga eins og þeirra sem komið hafi fram í útfylltum tilboðsskrám þeim sem Halldór hafi viðurkennt að kærandi hafi látið sig hafa. Meira en nægt tilefni ætti að vera komið fram til þess að Neytendastofa beiti rannsóknarheimildum sínum við frekari rannsókn á málinu og síðari ákvörðun. Að öðru leyti séu fyrri rök ítrekuð.
52. Með bréfum Neytendastofu, dags. 30. mars 2011, var kæranda og Halldóri Úlfari Halldórssyni kynnt framangreint bréf Adakris UAB og gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum við það. Svar af hálfu Halldórs Úlfars Halldórssonar barst með bréfi lögmanns hans, dags. 7. apríl 2011. Þar kemur fram að bréf Adakris gefi ekki tilefni til sérstakra andmæla en ítrekað sé það sem fram kom í skýringum og athugasemdum Halldórs frá 7. mars 2010. Rétt sé þó að taka eftirfarandi fram: Á milli Adakris og Halldórs hafi ekki verið trúnaðarsamband, eins og á milli Adakris og kæranda. Geti kvörtun Adakris því ekki beinst að Halldóri vegna hugsanlegs trúnaðarbrests. Beri þ.a.l. að vísa málinu frá Neytendastofu. Þá sé því mótmælt að þær upplýsingar sem eigi að hafa borist Halldóri teljist trúnaðarupplýsingar og séu þ.a.l. atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005. Jafnframt sé rétt að ítreka að verði komist að þeirri niðurstöðu að Halldór hafi haft undir höndum atvinnuleyndarmál þá sé því mótmælt að hann hafi hagnýtt sér þau. Adakris vísi til verksamnings aðila frá 30. apríl 2010, til stuðnings kröfum sínum. Ítrekað sé að samningur hafi einungis byggst á viðskiptalegum forsendum og vísist til þess er kom fram í bréfi Halldórs frá 7. mars 2010.
53. Svar af hálfu kæranda við bréfi Neytendastofu barst með bréfi lögmanns hans, dags. 11. apríl 2011. Þar kemur fram að frávísunarkrafa kæranda hafi lotið að því að málatilbúnaður og kröfugerð Adakris væri svo óskýr og óskiljanleg að illmögulegt væri að taka vil varna og/eða veita andsvör. Telja verði það afar mikilvægan þátt í andmælarétti einstaklinga gagnvart stjórnvaldi, sér í lagi þegar mál sé tilkomið vegna kvörtunar þriðja aðila og gerð sé krafa um refsingu, eins og virðist vera í máli þessu, að upphaflegt erindi sem byggja eigi niðurstöðu á, sé þannig að einhver leið sé

fyrir þann sem borinn sé sökum að skilja hvað liggir til grundvallar. Einhver leið sé að skilja samhengi milli málavaxta eins og þeim sé lýst hjá Adakris og þeirri kröfu sem gerð sé fyrir stjórnvaldinu. Eigi þar við fullkomlega sömu sjónarmið og liggir að baki kröfu 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um skýra og ljósa kröfugerð varðandi rekjanlegt samhengi milli málavaxta og málsástæðna. Því sé ekki til að dreifa í upphaflegu erindi Adakris og úr því hafi ekki verið bætt með hinu seinna bréfi félagsins.

54. Í hinu seinna bréfi Adakris sé gerð tilraun til að afmarka frekar þær kröfur sem félagið geri fyrir stjórnvaldinu en þær tilraunir hafi ekki skilað þeim árangri að kröfugerðin sé á einhvern hátt skýrari. Þvert á móti. Kvartanir Adakris fyrir Neytendastofu séu fjölmargar og í raun þannig að nauðsynlegt sé að fjalla um þær hverja fyrir sig. Varðandi lið i (sbr. 43. mgr. að framan) tekur kærandi fram að liðurinn sé honum óviðkomandi. Ljóst sé að með því að taka erindið inn og komast að þeirri niðurstöðu að vísa beri því frá, hafi erindið verið tekið til meðferðar. Varðandi liði ii og iii a (sbr. 43. mgr. að framan) tekur kærandi jafnframt fram að þeir séu honum óviðkomandi. Sama gildi um lið iii a (sbr. 43. mgr. að framan). Það falli ekki að skilgreindu hlutverki Neytendastofu samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/2005 að taka afstöðu til þess hvort tiltekið fyrirtæki geti mögulega haft yfir atvinnuleyndarmálum að ráða á einhverju óskilgreindu tímabili, án tengsla við nánar skilgreind gögn eða atvik sem fela eigi í sér meint brot á ákvæðum laganna. Slík tengsl séu ekki til staðar. Það sýnist útilokað fyrir Neytendastofu að meta þetta á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafi verið fram.
55. Kærandi telur jafnframt að liður iii c (sbr. 43. mgr. að framan) sé honum óviðkomandi. Það falli utan skilgreinds hlutverks Neytendastofu samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/2005 að taka afstöðu til þess hvort tiltekin tegund gagna, án þess að lagt sé fyrir tiltekið eintak eða atvik, geti mögulega notið verndar samkvæmt „hlutarins eðli“, án tengsla við nánar skilgreind atvik sem fela eigi í sér meint brot á ákvæðum laganna. Liður iii d (sbr. 43. mgr. að framan) sé kæranda jafnframt óviðkomandi. Óljóst sé til hvaða upplýsinga sé vísað. Engin dæmi séu lögð fram. Það sé augljóslega fyrir utan verksvið Neytendastofu samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/2005 að meta hvað „reyndir byggingastjórar eigi að vita“, án tengsla við nánar skilgreind gögn eða atvik sem eigi að feli í sér meint brot á ákvæðum laganna. Þá sé liður iii e (sbr. 43. mgr. að framan) kæranda óviðkomandi. Hann hafi aldrei dreift og/eða hagnýtt slíkar upplýsingar þannig að það brjóti í bága við ákvæði laga nr. 57/2005. Slíku sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu. Vísað sé að þessu leyti til athugasemda kæranda við lið iii d.
56. Varðandi lið iii f (sbr. 43. mgr. að framan) vísar kærandi til athugasemda sinna við lið iii b. Það sýnist ófært fyrir Neytendastofu, á grundvelli framkominna upplýsinga, að leggja nokkurt mat á hvaða gögn hafi verið í höndum Adakris og hvort þau njóti verndar samkvæmt lögum nr. 57/2005. Það falli ekki að skilgreindu hlutverki Neytendastofu samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/2005 að taka afstöðu til þess hvort tiltekið fyrirtæki geti mögulega haft yfir atvinnuleyndarmálum að ráða á ótilteknu tímabili, án tengsla við nánar skilgreind gögn eða atvik sem feli í sér meint brot á ákvæðum laganna. Varðandi lið iii g (sbr. 43. mgr. að framan) vísar kærandi til athugasemda sinna við lið iii d. Vegna liðar iii h (sbr. 43. mgr. að framan) tekur kærandi fram að í IX. kafla laga nr. 57/2005 sé m.a. vísað til laganna í heild sinni. Lögin séu alls 28 greinar. Ómögulegt sé fyrir

kærandi að átta sig á því hvaða ákvæði laganna verið sé að saka hann um að brjóta samkvæmt þessu. Jafnframt verði að telja það utan verksviðs Neytendastofu að gera úttekt á verkum kærandi hjá Adakris og meta hvort eitthvert þeirra hafi hugsanlega brotið gegn einhverjum ótilteknum ákvæðum laga nr. 57/2005, án þess að sérstök tilvik eða gögn séu nefnd til sögunnar. Varðandi lið iii i (sbr. 43. mgr. að framan) vísar kærandi loks til athugasemda sinna við lið iii h.

57. Kærandi tekur jafnframt fram að Adakris virðist hafa breytt kröfugerð sinni fyrir Neytendastofu þannig að hún sé nú svohljóðandi: „Að Neytendastofa staðfesti að upplýsingarnar njóti verndar og bæði Einar og Halldór hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 með háttsemi sinni“. Reyndar sé framangreind kröfugerð kölluð til bráðabirgða í bréfi Adakris og því virðist mega ætla að henni verði enn breytt síðar. Kærandi áskilji sér að sjálfsögðu rétt til að bregðast við slíkum breytingum á síðari stigum. Í kröfugerð Adakris sé vísað til „upplýsinganna“ og „háttseminnar“ án þess að nokkur tilraun sé gerð til að skilgreina nánar um hvaða upplýsingar eða háttsemi sé verið að fjalla. Því sé í hvorugu bréfi Adakris að finna nokkur skilgreind dæmi þess, studd gögnum, að kærandi hafi dreift eða hagnýtt sér nokkuð sem flokkast gæti sem atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005. Engum gögnum hafi verið bætt við. Látið sé nægja að vísa aftur til þeirra samskipta sem fylgt hafi hinu upphaflega erindi. Vísist til fyrri umfjöllunar kærandi um þau gögn. Þar sé um að ræða tölvupósta frá Halldóri sem ekkert sanni, enda ljóst að þeir feli ekki í sér neinskonar sönnun á meintum leka kærandi. Þvert á móti sé í þeim pósti boðaðir frekari póstar sem Halldór hafi ekki fundið akkúrat þá stundina. Slíkir póstar hafi ekki borist einfaldlega vegna þess að slíkir póstar séu ekki til staðar.
58. Telja verði fullvíst að Adakris hefði lagt slíka pósta fram eða önnur gögn væru þau til staðar. Svo sé ekki. Kærandi hafi aldrei dreift og/eða hagnýtt sér nokkuð sem flokkist sem atvinnuleyndarmál Adakris. Allar staðhæfingar um slíkt séu rangar og í öllu falli fullkomlega ósannaðar. Það ætti að standa Adakris næst að útvega slík gögn, væru þau yfir höfuð til, enda hafi Adakris undir höndum þann tölvubúnað sem kærandi hafi notað er hann starfaði hjá Adakris og þar með öll hans samskipti. Því ætti að vera hægðarleikur að útvega sönnunargögn um alla þessa meintu leka eða „háttsemi“. Kærandi spyr hvaða gögnum hann eigi að hafa lekið og hvenær, og hvað í þeim gögnum eigi að hafa flokkast sem atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005. Allt þetta sé fullkomlega óljóst. Óljósar tilvísanir til „tímalína“ í samtölum við þriðja mann dugi ekki. Í bréfi Adakris sé sérstaklega tekið dæmi um að kærandi eigi að hafa áframsent útfylltar tilboðsskrár vegna Sæmundar- og Norðlingaskóla. Þetta sé beinlínis rangt. Engin tilraun sé gerð af hálfu Adakris til að upplýsa hvenær þetta eigi að hafa átt sér stað, hvað hafi komið fram í þessum tilboðsgögnum eða leggja fram sönnun því til staðfestingar. Án þess verði að telja útilokað fyrir Neytendastofu að meta meint brot kærandi. Kærandi verði að auki ekki látinn bera hallann af óljósum málalíbúnaði Adakris og örökstuddum/ósönnuðum fullyrðingum Adakris um meint brot.
59. Þá sé einnig nauðsynlegt að gera athugasemd við sérstaka áskorun Adakris í bréfinu. Þar sé skorað á kærandi að leggja fram sannanir fyrir því að Ágúst Snæbjörnsson hafi heimilað kærandi að senda Halldóri útfylltar tilboðsskrár. Þessi áskorun sé óskiljanleg. Kærandi hafi aldrei sent Halldóri útfylltar tilboðsskrár og neiti því sem röngu og ósönnuðu að hafa nokkurn tímann sent Halldóri eða nokkrum öðrum eitthvað sem talist geti til atvinnuleyndarmála í skilningi laga nr. 57/2005.

Fullkomlega öfugsnúið sé því að krefja hann um sannanir fyrir því að hann hafi haft sérstaka heimild til að senda gögn sem hann aldrei sendi. Augljóslega verði því ekki orðið við þessari áskorun. Ekki verði betur séð en að Adakris ætli Neytendastofu það hlutverk að framsenda erindi Adakris til lögreglu í þeim tilgangi að gefa út ákæru á hendur kæranda vegna hinna meintu og ósönnuðu brota. Nauðsynlegt sé að mótmæla slíkum tillögum. Heimildir Neytendastofu standi ekki til þess að framsenda erindi af þessu tagi til lögreglu. Í lögum nr. 57/2005 sé ekki að finna sambærilegar heimildir og t.d. í samkeppnislögum nr. 44/2005, þar sem Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að kæra mál til lögreglu. Slíkt verði ekki gert án beinnar lagaheimildar. Vísist að öðru leyti til þess sem áður hafi komið fram um heimfærslu undir refsíákvæði. Svo virðist sem tilgangur kvörtunar Adakris sé að koma einhverskonar höggi á fyrrum viðskiptafélaga fyrirtækisins, Halldór, en sambandi þeirra sé lýst sem „stormasömu“ í bréfi Adakris. Ljóst sé að einhver skuggi hafi fallið á það samband og Adakris virðist ætla að nýta sér Neytendastofu í tilraun til að klekkja á þessum fyrrum viðskiptafélaga. Slíkt sé kæranda óviðkomandi. Að öðru leyti vísist til þess sem áður hafi komið fram.

60. Með bréfi Neytendastofu til lögmanns Adakris UAB, dags. 19. apríl 2011, sem lögmenn kæranda og Halldórs Úlfars Halldórssonar fengu afrit af, voru Adakris UAB kynnt framkomin svarbréf kæranda og Halldórs. Þá var tilkynnt að gagnaöflun málsins væri þar með lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar Neytendastofu. Meðfylgjandi bréfinu var listi yfir gögn málsins. Með bréfum til lögmanns Adakris UAB, kæranda og Halldórs Úlfars Halldórssonar, dags. 14. október 2011, var tilkynnt að því miður væru fyrirsjáanlegar frekari tafir á afgreiðslu málsins en vonast væri til þess að því yrði lokið innan fjögurra mánaða.

ÁKVÖRDUN NEYTENDASTOFU

61. Hinn 30. mars 2012 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 14/2012, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með því að miðla tilboðsskrám og upplýsingum um fjárhagsstöðu Adakris UAB til Halldórs Úlfars Halldórssonar. Voru ákvörðunarorðin svohljóðandi: „[Kærandi] hefur með því að afhenda tilboðsgögn Adakris UAB vegna útboðs Reykjavíkurborgar á Sæmundar- og Norðlingaskóla og með því upplýsa um fjárhæðir krafna Adakris UAB á Reykjavíkurborg, brotið gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með vísan til 4. mgr. 16. gr. c. og 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er [kæranda] bannað að hagnýta þær trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi hjá Adakris UAB.“
62. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er fyrst tekið fram að í málinu hafi Adakris UAB kvartað yfir hagnýtingu kæranda og Halldórs Úlfars Halldórssonar á atvinnuleyndarmálum félagsins. Í erindi Adakris sé vísað til 16. gr. c og 26. gr. laga nr. 57/2005. Í atvinnustarfsemi geti skipt miklu máli að ákveðnum þáttum starfseminnar sé haldið leyndum, sérstaklega þeim sem snúi að samkeppnisstöðu. Fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þessara hagsmuna og í lögum nr. 57/2005 sé að finna almennt ákvæði í 16. gr. c sem stuðli að vernd atvinnuleyndarmála. Í ákvörðuninni er efni greinarinnar rakið og tekið fram að núgildandi ákvæði sé efnislega samhljóða eldri ákvæðum laga

um sama efni sem lög nr. 57/2005 felldu brott. Í greinargerð um ákvæðið komi fram að hagsmunir þeir sem greinin verndi séu atvinnuleyndarmál. Atvinnuleyndarmál geti verið rekstrarleyndarmál sem varði fremur tæknileg atriði og geti notið verndar jafnvel þótt skilyrði fyrir einkaleyfi séu ekki uppfyllt. Þá geti atvinnuleyndarmál einnig verið verslunar- eða viðskiptaleyndarmál sem geti t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfraðilegum upplýsingum o.fl. Almenn þekking og reynsla starfsmanns geti ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál en til þess að svo verði þurfi að liggja fyrir þekking sem sé sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skipti máli fyrir starfsemina. Gera verði þá kröfu, til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar samkvæmt ákvæðinu, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækisins eða það liggja í hlutarins eðli.

63. Í 2. mgr. 16. gr. c sé lögð þagnarskylda á þá sem eru í tengslum við viðkomandi starfsemi sem starfsmenn eða í félagsskap við aðra. Ákvæðið taki því aðeins til þeirra sem séu í sérstökum tengslum við starfsemina. Þá verndi ákvæðið aðeins atvinnuleyndarmál eins og að framan greini. Í 3. mgr. 16. gr. c sé lögð þagnarskylda á þá sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar. Samkvæmt ákvæðinu sé ekki nauðsynlegt að uppdrættir þeir eða annað það sem ætlunin er að vernda séu atvinnuleyndarmál. Undir málsgreinina geti fallið sérstök þekking starfsmanns sem ekki sé atvinnuleyndarmál. Niðurstaðan um vernd fyrirtækis gagnvart starfsmönnum sínum sé því sú, að uppfylli tiltekna upplýsingar þær kröfur sem gerðar séu til atvinnuleyndarmála, njóti þær verndar samkvæmt 2. mgr. 16. gr. c laganna. Uppfylli upplýsingarnar ekki þessi skilyrði, en aðila, vegna starfs eða stöðu að öðru leyti, er trúað fyrir þeim með tilteknum hætti, eða að upplýsingarnar birtast á tilteknu formi, njóti þær verndar 3. mgr. 16. gr. c.
64. Í máli þessu sé að hluta til um að ræða opinberar upplýsingar. Slíkar upplýsingar sem séu aðgengilegar almenningi séu ekki atvinnuleyndarmál í skilningi ákvæðisins. Upplýsingar um fjárhag og rekstur sem ekki séu opinberar, innstæður á bankareikningum og upplýsingar um skuldir séu hins vegar upplýsingar sem telja verði til upplýsinga sem njóti verndar 3. mgr. 16. gr. c. Hvað varði útfylltar tilboðskrár komi fram í staðli ÍST 30:2003 að slíkar skrár séu trúnaðarmál verkkaupa og bjóðanda. Slíkar skrár séu trúnaðargögn sem innihaldi upplýsingar um bjóðanda verks og telja verði atvinnuleyndarmál í skilningi 2. mgr. 16. gr. c, enda ljóst að í slíkum skráum komi fram ýmsar upplýsingar um bjóðanda sem aðrir gætu haft hag af. Það sé því ljóst að 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 eigi við í málinu.
65. Samkvæmt gögnum málsins hafi sú krafa ekki verið gerð af hálfu Adakris að kærandi færi með upplýsingar um fjármál eða önnur mál Adakris sem trúnaðarmál. Slík krafa hafi hins vegar verið gerð með samningi um starfslok kæranda þann 27. september 2010. Komi þá til skoðunar hvort upplýsingarnar hafi notið verndar á starfstíma kæranda vegna þess að það hafi legið í hlutarins eðli. Við mat á því hvort upplýsingar njóti verndar vegna þess að það liggja í hlutarins eðli sé litið svo á að ef skynsamur maður, sem stæði í sporum viðtakanda upplýsinganna, gæti séð að honum hefði af eðlilegum ástæðum verið afhentar upplýsingar eða þekking í trúnaði, þá nægi það til þess að telja að viðtakandi upplýsinganna væri bundinn trúnaði um þær upplýsingar. Að mati Neytendastofu sé ljóst að skynsamur maður hefði vitað að upplýsingar í tilboðsskrám vegna útboðs

Adakris til Reykjavíkurborgar vegna byggingar Sæmundar- og Norðlingaskóla og upplýsingar um fjárhagsstöðu Adakris væru trúnaðarupplýsingar og að hann mætti ekki hagnýta sér þær eða veita öðrum afnot þeirra.

66. Áður en vikið verði að efnislegum þáttum kvörtunar Adakris telji Neytendastofa rétt að taka afstöðu til frávísunarkröfu kæranda og Halldórs vegna framsetningar kvörtunar Adakris. Af hálfu kæranda sé þess krafist að erindi Adakris sem snúi að honum, verði vísað frá enda sé krafa Adakris svo vanreifuð og óskýr að óhjákvæmilegt sé annað en að vísa málinu frá Neytendastofu. Grundvallaratriði sé að þeir sem beini kröfum sínum að stofnuninni og m.a. krefjist refsiviðurlaga þurfi að haga kröfugerð sinni þannig að hún sé tæk til úrskurðar. Eigi þar við sömu sjónarmið og almennt í einkamáli. Að öðrum kosti sé gagnaðila gert erfitt um vik að verjast. Af hálfu Halldórs sé þess krafist að erindi Adakris sem snúi að honum verði vísað frá þar sem vanreifaður sé allur málatilbúnaður Adakris sem og kröfugerð málsins. Kröfugerð þurfi að meginreglu til að vera svo ákveðin og ljós að unnt sé að taka hana óbreytta sem ákvörðunarorð í niðurstöðu máls. Þá hafi Adakris ekki lögvarða hagsmuni af kröfugerðinni, þar sem kröfugerðin byggir á því að leggja bann við hagnýtingu upplýsinga í framtíðinni meðan allur málatilbúnaður byggir á atvikum sem þegar hafi átt sér stað. Í lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005 séu engar leiðbeiningar um hvernig erindum aðila máls skuli komið á framfæri við stofnunina. Hvergi í öðrum lögum sem stofnunin starfi eftir, s.s. stjórnáslögum, sé kveðið á um með hvaða hætti kvörtun eða erindi skuli lagt fyrir stjórnvaldið. Þá hafi Neytendastofa ekki gert sérstakar kröfur til aðila um kröfugerð í málatilbúnaði. Allar tilvísanir til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 eigi því ekki við um meðferð mála hjá Neytendastofu. Með vísan til framangreinds verði málinu ekki vísað frá af þeim sökum.
67. Kvörtun Adakris snúi bæði að Halldóri Úlfari Halldórssyni og kæranda. Fyrst verði vikið að kvörtun Adakris vegna Halldórs. Adakris kvarti yfir því að hann hafi tekið á móti upplýsingum frá kæranda og fært sér í nyt atvinnuleyndarmál Adakris með ólögmaetum hætti, sbr. 4. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Um sé að ræða upplýsingar um rekstur Adakris, þ.m.t. fjárhagsupplýsingar, upplýsingar um rekstur félagsins og útfylltar tilboðsskrár Adakris við Norðlinga- og Sæmundarskóla. Félagið krefjist þess að Halldóri verði óheimilt að halda áfram að færa sér í nyt viðskiptaleyndarmál þess og hlutast verði til um að honum verði gert að sæta viðurlögum sbr. 26. gr. Af hálfu Halldórs sé því hafnað að hann eða félag honum tengd hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Adakris hafi ekki sýnt fram á að þau gögn sem kæranda sé gefið að sök að hafa lekið teljist vera atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005. Þá sé hluti þeirra upplýsinga sem hann eigi að hafa lekið um útistandandi opinber gjöld, opinberar upplýsingar. Þær upplýsingar sem um sé deilt í málinu hafi borist Halldóri fyrir tilstuðlan Ágústs Snæbjörnssonar, fyrirsvarsmanns Adakris. Að mati Neytendastofu hafi ekki verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að Halldór hafi nýtt sér upplýsingar í rekstri sínum sem talist geti verið atvinnuleyndarmál Adakris. Stofnunin muni því ekki frekar fjalla um þann þátt kvörtunar Adakris sem snúi að Halldóri.
68. Adakris kvarti einnig yfir háttsemi kæranda, fyrrum starfsmanns fyrirtækisins, vegna meintrar dreifingar og/eða hagnýtingar á atvinnuleyndarmálum, sbr. 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Kvartað sé yfir því að kærandi hafi í starfi sínu miðlað til Halldórs Úlfars Halldórssonar

viðkvæmum trúnaðarupplýsingum og atvinnuleyndarmálum Adakris. Kærandi hafi m.a. afhent Halldóri afrit af útfylltum tilboðsskrám Adakris vegna Norðlinga- og Sæmundarskóla. Einnig hafi kærandi upplýst Halldór um hvenær Adakris innheimti fé vegna reikninga, upplýst um almennar fjárhags- og rekstrarupplýsingar, um eignir þess og innstæður á bankareikningum, um skuldir félagsins og stöðu þess sem og um önnur bein viðskiptaleyndarmál. Adakris krefjist þess að Neytendastofa ákvarði bann við frekari hagnýtingu og dreifingu upplýsinganna af hálfu kæranda og hlutist til um að hann verði beittur viðurlögum sbr. 26. gr. laganna.

69. Af hálfu kæranda sé því hafnað að hann hafi á nokkurn hátt brotið gegn lögum nr. 57/2005 á meðan hann hafi starfað hjá Adakris eða þar á eftir. Í erindi Adakris sé ekki vísað til tiltekinna atvika þar sem kærandi eigi að hafa dreift eða hagnýtt sér meint atvinnuleyndarmál. Vísað sé til gróusagna og „rökstudds gruns“ og látið nægja því til staðfestingar að leggja fram póstsamskipti við þriðja mann án þess að sýna fram á hvenær eða hvernig kærandi eigi að hafa dreift meintum atvinnuleyndarmálum. Umræddur tölvupóstur hafi verið sendur til Halldórs að beiðni Ágústs Snæbjörnssonar fyrirsvarsmanns Adakris og yfirmanns kæranda vegna hugsanlegra sameiningar að hluta milli Adakris og félags Halldórs enda hafi Halldór óskað eftir upplýsingum um skuldastöðu félagsins. Fráleitt verði að telja að kærandi hafi dreift atvinnuleyndarmálum í skilningi laga nr. 57/2005 með því að veita Halldóri upplýsingar samkvæmt beiðni yfirmanns hans og það upplýsingar sem sami yfirmaður hafi þegar veitt Halldóri munnlega. Fullyrðingum um að kærandi hafi dreift tilboðsskrám sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Fullyrðing Halldórs í tölvupósti þess efnis að kærandi hafi látið hann fá tilboðsskrár sanni ekkert í þeim efnum gegn mótmælum kæranda.
70. Í máli þessu liggi m.a. til grundvallar fjórir tölvupóstar, þrír tölvupóstar milli lögmanns Adakris UAB og Halldórs og einn tölvupóstur frá kæranda til Halldórs. Í tölvupósti frá lögmanni Adakris til Halldórs, dags. 27. september 2010, sé óskað staðfestingar á því að kærandi hafi upplýst Halldór munnlega um rekstur Adakris, bæði hvað varði fjárhagslega þætti sem og almenna þætti rekstrarins. Þá sé óskað staðfestingar á að kærandi hafi afhent Halldóri gögn sem Adakris notaðist við í útboði Reykjavíkurborgar vegna Sæmundar- og Norðlingaskóla. Einnig sé þess óskað að upplýst verði um á hvaða tímabili umræddur upplýsingaleki hafi átt sér stað. Svar Halldórs hafi borist lögmanni Adakris með tölvupósti, dags. 27. september 2010, þar sem fram komi að Halldór hafi til staðfestingar tvo tölvupósta og útboðsgögn Adakris vegna Norðlingaskóla. Gögnin vegna Sæmundarskóla finnist hins vegar ekki. Þá komi fram að Halldór staðfesti allt og verði með klárt fyrir hádegi daginn eftir.
71. Í tölvupósti Halldórs til lögmanns Adakris, dags. 28. september 2010, komi fram að kærandi hafi látið Halldóri í té upplýsingar um hvenær Adakris hafi gert reikning á Reykjavíkurborg og hvaða upphæðir væri um að ræða. Einnig hafi kærandi upplýst Halldór um að Adakris væri að fara á hausinn en hafi aldrei rökstutt það frekar. Þá komi fram í tölvupóstinum að kærandi hafi látið Halldóri í té tilboðsskrá Adakris vegna Sæmundar- og Norðlingaskóla með útboðstölum Adakris. Útboðsskráin vegna Sæmundarskóla finnist ekki en gögnin vegna Norðlingaskóla sé Halldór með. Fram komi að Halldór geti trúað að kærandi hafi byrjað í september 2009 að upplýsa hann um stöðu Adakris. Ekki sé gott að segja hvenær síðustu upplýsingar hafi borist frá kæranda en hann

hafi fyrir nokkrum mánuðum upplýst um opinberar skuldir Adakris, en hann hafi ekki áttað sig á því að Halldór hafi þegar haft þessar upplýsingar. Þá komi fram að Halldór og Ágúst hafi átt samskipti vegna opinberu gjaldanna og því hafi Halldór vitað meira um þessi mál en kærandi. Síðustu upplýsingar frá kæranda hafi borist sl. föstudag þar sem kærandi hafi tjáð Halldóri að Reykjavíkurborg hygðist taka verkið af Adakris en hann hafi ekki rökstutt það frekar. Í tölvupósti kæranda til Halldórs, dags. 14. desember 2009, komi fram áætlaðar fjárhæðir um ógreidda „Lífeyrisgr., staðgreiðslu og fl.“ sem greiða þurfi á næstu tveim mánuðum. Auk þess komi fram áætluð ógreidd fjárhæð vegna sömu gjalda vegna kæranda. Einnig komi fram í tölvupóstinum áætlaðar fjárhæðir útistandandi reikninga vegna Sæmundar- og Norðlingaskóla. Þá komi fram upplýsingar í tölvupóstinum um hvaða skuldir séu að valda Adakris mestum erfiðleikum.

72. Ljóst þyki með vísan til framangreindra tölvupósta að kærandi hafi upplýst Halldór um upplýsingar sem honum hafði verið trúað fyrir sem Neytendastofa telji atvinnuleyndarmál. Kærandi og Halldór hafi báðir haldið því fram að umræddar upplýsingar hafi borist Halldóri frá kæranda að beiðni Ágúst Sæmundssonar, forsvarsmanns Adakris. Neytendastofa telji þá skýringu ótrúverðuga enda eðlilegra að slíkar upplýsingar hefðu borist Halldóri beint frá Ágústi. Auk þess hafi ekkert komið fram í málinu sem styðji það að Ágúst hafi beið kæranda um að koma slíkum upplýsingum til Halldórs. Með vísan til alls framangreinds sé það mat Neytendastofu að kærandi hafi brotið gegn ákvæði 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að hafa miðlað tilboðsskrám og upplýsingum um fjárhagsstöðu Adakris, sem hann öðlaðist í starfi sínu hjá félaginu, til Halldórs Úlfars Halldórssonar.
73. Af hálfu Adakris hafi þess verið krafist að kæranda verði gert að sæta viðurlögum samkvæmt 26. gr. laga nr. 57/2005. Aðilar málsins greini á um valdheimildir Neytendastofu vegna brota á 16. gr. c laga nr. 57/2005. Um valdheimildir Neytendastofu sé fjallað í IX. kafla laga nr. 57/2005. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. b geti stofnunin gripið til aðgerða vegna viðskiptahátta sem brjóta í bága við ákvæði II.-IV. kafla og ákvæði VII. og VIII. kafla. Geti aðgerðir Neytendastofu falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Þá geti stofnunin samkvæmt 22. gr. lagt á fyrirtæki stjórnvaldssektir sem brjóta gegn ákvæðum laganna og settum reglum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II. –V. kafla laganna. Einnig geti stofnunin lagt sektir á þau fyrirtæki sem ekki fari að stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóti í bága við ákvæði II.-VIII. kafla og fyrirmælum sbr. 21. gr. b. Þá geti stofnunin lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem ekki fari að reglum og fyrirmælum stofnunarinnar um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr. laganna. Í 23. gr. sé stofnuninni veitt heimild til að beita dagsektum sé ekki farið að ákvörðun stofnunarinnar sem tekin hafi verið samkvæmt lögnum.
74. Í 26. gr. laga nr. 57/2005 sé einnig fjallað um viðurlög við brotum gegn ákvæðum laganna og reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Í ákvæðinu sé kveðið á um að ef sakir séu miklar geti brot varðað fésekt eða fangelsi. Ákvæðið kveði sem slíkt ekki á um valdheimildir Neytendastofu sem stjórnvalds heldur hvaða refsiviðurlög séu við brotum á lögnum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim séu sakir miklar. Eðli máls samkvæmt sé það ekki hlutverk stjórnvalds eins og Neytendastofu að dæma einstaklinga eða fyrirtæki samkvæmt ákvæðinu enda

slíkt hlutverk dómstóla. Það sé því ljóst að Neytendastofa muni ekki kveða á um viðurlög samkvæmt 26. gr. laga nr. 57/2005. Sé það hins vegar mat Neytendastofu að brot samkvæmt lögum sé með þeim hætti að ákvæðið eigi við aðila máls þá sé stofnuninni heimilt á vísa máli til lögreglu til frekari meðferðar.

75. Í IX. kafla laganna sé ekki að finna lagaákvæði sem heimili beitingu stjórnvaldssekta gagnvart einstaklingum sem brjóti gegn ákvæðum VI. kafla laganna. Brot það sem hér um ræði sé brot á trúnaðarskyldu, sbr. VI. kafla laganna. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. b hafi stofnunin heimild til að banna háttsemi, veita fyrirmæli eða heimild með ákveðnum skilyrðum vegna brota á VI. kafla laganna sem m.a. innihaldi 16. gr. c. Með vísan til þess að Neytendastofa telji að kærandi hafi brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005, banni stofnunin honum, með vísan til 4. mgr. 16. gr. c og 2. mgr. 21. gr. b sömu laga, að hagnýta sér þær trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi sínu hjá Adakris UAB.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR ANNARRA

76. Í kæru, dags. 27. apríl 2012, er tekið fram að samkvæmt ákvörðunarorði Neytendastofu sé niðurstaða stofnunarinnar sú að fullsannað sé að kærandi hafi afhent annars vegar tilboðsgögn og hins vegar hafi hann upplýst um „fjárhæðir krafna Adakris UAB á Reykjavíkurborg“. Í niðurstöðukafla Neytendastofu sé tilgreint efni tveggja tölvupósta sem fyrir liggja í málinu og af þeim dregin sú niðurstaða að ljóst þyki að kærandi hafi upplýst Halldór um upplýsingar sem honum hafi verið trúað fyrir, sem Neytendastofa telji atvinnuleyndarmál. Engin önnur gögn liggja fyrir í málinu um hina meintu leka.
77. Þeir tölvupóstar sem þarna um ræði séu annars vegar póstur frá Halldóri Úlfari Halldórssyni til lögmanns Adakris, dags. 28. september 2010, og hins vegar póstur frá kæranda til Halldórs, dags. 14. desember 2009. Í fyrri póstinum fullyrði Halldór aðspurður að kærandi hafi látið hann fá tilboðsskrá frá Adakris vegna Sæmundarskóla og Norðlingaskóla. Hann reyndar finni ekki skrána vegna Sæmundarskóla en geti komið skránni vegna Norðlingaskóla til lögmanns Adakris. Hann muni senda lögmanninum þau gögn „eftir smá“. Þetta hafi verið í mars 2010. Ekkert hafi verið lagt fram umfram þennan tölvupóst vegna þessa meinta leka kæranda, þótt tækifæri hafi gefist til þess. Því hafi verið mótmælt fyrir Neytendastofu strax í upphafi að kærandi hefði nokkurn tímann sent þessi gögn til Halldórs og á það bent að þá væru hæg heimatökin að einfaldlega leggja fram þau gögn sem kærandi eigi að hafa sent. Sérstaklega þar sem mikill munur sé á útfylltum tilboðsskrám annars vegar og óútfylltum hins vegar, enda séu óútfylltar tilboðsskrár aðgengilegar öllum þeim sem áhuga hafi á því að taka þátt í opinberum útboðum og jafnan aðgengileg á heimasíðu viðeigandi sveitarfélaga. Því hafi verið og sé mótmælt að kærandi hafi nokkurn tímann sent slíkar tilboðsskrár, hvað þá útfylltar. Nefndur tölvupóstur teljist fráleitt vera fullnægjandi sönnun fyrir því. Því hafi verið full ástæða til að leggja fram þau gögn sem kærandi eigi að hafa afhent. Það hafi ekki verið gert þrátt fyrir áskoranir þess efnis.
78. Það sé því svo að Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu, eingöngu út frá þessum tölvupósti, að útfylltar tilboðsskrár, sem ekki hafi verið lagðar fram í málinu og mótmælt sé að hafi verið

afhentar, væru atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005 (slíkar skrár hafi ekki einu sinni verið lagðar fram í dæmaskyni fyrir Neytendastofu), og að með póstinum sé fullsannað, þrátt fyrir mótmæli, að kærandi hafi sannanlega afhent slík skjöl til Halldórs og þar með brotið gegn lögum nr. 57/2005. Í ljósi þess hversu gríðarlegt vægi Neytendastofa veiti þessum eina tölvupósti í niðurstöðu sinni sé rétt að víkja að forsögu hans. Hún komi fram í tölvupósti, sem lagður sé fram sem fylgiskjal með kærinni. Því sé þannig farið að nefndur Halldór hafi átt í gríðarmiklu viðskiptasambandi við fyrirsvarsmenn Adakris, eins og reyndar sé viðurkennt af þeim sjálfum í greinargerðum fyrir Neytendastofu. Þau viðskipti hafi farið fram í gegnum mörg félög, þ.á m. félagið Kambstál ehf. og Sólþór ehf., sem verið hafi í eigu Halldórs. Nefndur tölvupóstur sé tilkominn þar sem kærandi hafi falast eftir upplýsingum um það hvar Halldór hafi fengið upplýsingar um starfslokasamning kæranda við Adakris, sem átt hafi að vera trúnaðarmál. Halldór hafi brugðist við með því að senda þáverandi lögmanni sínum drög að svörum við pósti kæranda. Þau drög séu svo áframsend á kæranda.

79. Þar komi fram forsaga þess tölvupósts frá 28. september 2010, sem Neytendastofa byggir niðurstöðu sína alfarið á, þrátt fyrir mótmæli. Nánar tiltekið komi þar fram að viðskiptafélagar Ágúst Snæbjörnssonar (Einar Ingason, þáverandi framkvæmdastjóri Adakris) hafi óskað eftir aðstoð við að koma höggi á kæranda vegna trúnaðarbrests. Hafi sú aðstoð átt að felast í því að setja í tölvupóst það sem lögmaður Adakris hafi óskað eftir að kæmi fram í slíkum pósti. Gegn því hafi átt að gera upp viðskiptakröfu Sólþórs ehf. á hendur Adakris. Hafi það í kjölfarið verið gert, í undanfara þess að póstur Halldórs hafi verið sendur. Vegna þessa hafi Halldór sent nefndan póst þann 28. september 2010, sem Neytendastofa byggir niðurstöðu sína alfarið og eingöngu á. Um sé að ræða upplognar sakir sem Halldór hafi sett í tölvupóst gegn greiðslu, gagngert í þeim tilgangi að aðstoða lögmann Adakris við að koma höggi á kæranda. Því sé nauðsynlegt að ítreka fyrri mótmæli við sönnunargildi þessa pósts. Hann sanni ekkert. Jafnframt sé enn og aftur skorað á Adakris að leggja fram afrit af þeim gögnum, þ.m.t. útfylltum tilboðsskrám, sem haldið sé fram að kærandi hafi afhent í málinu. Að öðrum kosti virðist í raun ómögulegt að leggja mat á hvort um atvinnuleyndarmál hafi verið að ræða samkvæmt lögum nr. 57/2005. Einhliða lýsing Adakris í greinargerð fyrir Neytendastofu á innihaldi gagnanna geti ekki nægt í þeim efnum gegn mótmælum kæranda.
80. Síðari pósturinn, eina skjalið sem stafi frá kæranda í málinu, sé í stikkorðastíl og hafi að geyma afar óljósar upplýsingar. Hvergi komi fram til hvaða félags sé verið að vísa eða neinar nákvæmar upplýsingar varðandi fjárhæðir eða tímasetningar. Sú niðurstaða sem dregin sé í úrskurðarorði Neytendastofu af þessum pósti sé í raun óskiljanleg. Þar komi fram að með þessum pósti hafi kærandi gerst brotlegur við 16. gr. c laga nr. 57/2005 „með því að upplýsa um fjárhæðir krafna Adakris UAB á Reykjavíkurborg“. Nafnið Adakris komi hvergi fram í póstinum eða nafn nokkurs annars félags yfir höfuð. Þar sé hvergi talað um kröfur á hendur Reykjavíkurborg. Þar sé talað um útistandandi reikninga og megi frekar ætla að um sé að ræða skuld heldur en fjárkröfu á hendur einhverjum, hvort sem það sé Reykjavíkurborg eða einhver annar, enda talað um erfiðleika neðar í póstinum. Hvernig hægt sé að komast að þeirri niðurstöðu að með þessum pósti hafi kærandi upplýst um útistandandi kröfur Adakris á hendur Reykjavíkurborg og þar sem brotið gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005 sé í raun óskiljanlegt.

81. Þar að auki sé það svo að þessar upplýsingar hafi sérstaklega verið veittar Halldóri samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjóra Adakris, Ágústi Snæbjörnssyni. Það hafi Halldór sjálfur staðfest í greinargerðum sínum fyrir Neytendastofu. Þær útskýringar Halldórs telji Neytendastofa hins vegar ótrúverðugar. Nokkuð þversagnakennt verði að telja að Neytendastofa geti byggt niðurstöðu sína í blindni á pósti Halldórs frá árinu 2010 varðandi tilboðsgögn, sem harkalega hafi verið mótmælt, en þyki aðrar útskýringar hans í málinu ótrúverðugar. Rétt sé að taka fram að nefndur Ágúst hafi nánast ekkert verið viðloðandi rekstur Adakris þann tíma sem kærandi hafi unnið þar. Hann hafi dvalist flestum stundum í Litháen. Hann hafi enga reynslu haft af rekstri eða byggingaframkvæmdum. Kærandi hafi í raun alfarið séð um rekstur fyrirtækisins. Því eigi það sér fullkomlega eðlilegar skýringar að nefndur Ágúst hafi óskað eftir því að kærandi sendi Halldóri einhverjar upplýsingar skriflega, sem Ágúst hafi áður tjáð Halldóri munnlega í síma.
82. Þá sé rétt að benda á að Adakris staðfesti í greinargerð sinni fyrir Neytendastofu að kærandi hafi ítrekað lánað félaginu fjármuni þegar þeir hafi verið uppunir. Reyndar tiltaki lögmaður Adakris þá ástæðu fyrir því að þetta beri vott um það traust sem Adakris hafi borið til kæranda. Traust hafi hingað til ekki verið forsenda þess að fá lánaða peninga frá einhverjum. Hafi það frekar verið á hinn veginn að lánveitandinn, kærandi, beri traust til þeirra sem hann láni, Adakris. Sýni þessi lán í raun hversu þversagnakenndur málalíbúnaðar Adakris sé enda fráleitt að starfsmaður félags, sem láni því fjármuni til að koma í veg fyrir að að birgjar loki á það, tryggingar falli úr gildi og starfsemin stöðvist, sé á sama tíma að leka út trúnaðarupplýsingum um félagið í þeim tilgangi að skaða það. Sé í þessu samhengi lagður fram tölvupóstur, dags. 24. maí 2009, milli kæranda og þáverandi fjármálastjóra Adakris, Þorsteins. Þar hafi fjármálastjórinn verið að leggja inn á kæranda kr. 416.500 vegna kostnaðar sem kærandi, óbreyttur starfsmaður Adakris, hafi sjálfur lagt út fyrir félagið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að rekstur þess stöðvaðist. Í svari sínu tiltaki kærandi hvað sé enn útistandandi í þessum efnun. Ítrekaðar séu allar röksemdir kæranda á fyrri stigum og mótmæli, sem og lýsingar á málavöxtum.
83. Kærinni fylgdi samkvæmt framangreindu m.a. afrit af tölvupósti Halldórs Úlfars Halldórssonar til lögmanns síns, dags. 3. mars 2011, sem síðan var áframsendur á kæranda daginn eftir. Í tölvupóstinum var að finna svar við fyrirspurn kæranda um það hvaðan Halldór hefði fengið afrit af starfslokasamningi kæranda og þar segir orðrétt: „Sæll Einar, Einar Ingason sýndi mér starfslokasamninginn þinn um miðjan september, man það vel því það var á sama tíma og við vorum að endursemla um Sólþór og Kambstál. Einar Ingason sýndi bæði mér og Guðmundi samninginn og var að gorta sig af því að um leið og þú myndir skrifa undir hann að þá ætluðu þeir að senda þér ítrekun um gildi þess að halda trúnað varðandi starfslok og það sem gerst hefði meðan þú varst starfsmaður. Svo átti að lögsækja þig, sagði hann, og hló mikið af kærskunni. Þeir báðu mig svo um aðstoð við að lögsækja þig vegna trúnaðarbrests. Ef ég myndi aðstoða þá við það að þá ætluðu þeir að gera upp við mig Sólþór og Kambstáls skuldirnar. Þeir borguðu þrisvar inn á Sólþór til að sýna fram á þetta, 10. 16. og 22. september. Svo hringdi Gunnar Egill, lögmaður Adakris, í mig föstudaginn 24. september og sagði mér hvað ég þyrfti að staðfesta á meili til hans. Það gerði ég svo mánudaginn 27. september (sjá viðhengi, gögn 1). Það sem ég staðfesti í meili til Gunnars er það sem hann sagði mér að setja í meil til þess að hægt væri að lögsækja þig. Í framhaldi af þessu átti ég að fá Sólþór og Kambstál uppgert. Ég hef ekki séð krónu síðan 22.

september. Afrit af starfslokasamningnum fékk ég sent með öðrum gögnum frá Neytendastofu í pósti fyrir rúmum mánuði síðan.“

84. Með bréfi, dags. 27. apríl 2012, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 14. maí 2012, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Til vara er þess krafist, sé það niðurstaða áfrýjunarnefndar neytendamála að ekki hafi verið með fullnægjandi hætti sannað að kærandi hafi afhent Halldóri Halldórssyni útfylltar tilboðsskrár, að staðfest verði ákvörðun Neytendastofu þess efnis að kærandi hafi gerst brotlegur vegna þeirra upplýsinga sem hann veitti Halldóri um fjárhag Adakris með tölvupósti 14. desember 2009.
85. Neytendastofa hafni því að tölvupóstarnir sem hún lagði til grundvallar niðurstöðu sinni séu ófullnægjandi sönnun þess að kærandi hafi brotið gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005. Fyrri tölvupósturinn, dags. 28. september 2010, sé frá Halldóri Halldórssyni til lögmanns Adakris. Tölvupósturinn sé sendur í kjölfar tölvupósts lögmanns Adakris, dags. 27. september 2010, þar sem óskað sé staðfestingar á því að kærandi hafi lekið upplýsingum til Halldórs Halldórssonar um rekstur Adakris, bæði sem varði almenna og fjárhagslega þætti. Einnig sé í póstinum óskað staðfestingar á því að kærandi hafi afhent Halldóri gögn sem Adakris notaðist við í útboði Reykjavíkurborgar vegna Sæmundar- og Norðlingaskóla. Fyrri svar Halldórs hafi borist lögmanni Adakris með tölvupósti 27. september 2010 en ekki í mars 2010 eins og fram komi í kæru. Í svarinu komi fram að Halldór eigi tvo tölvupósta til staðfestingar og útboðsgögn Adakris vegna Norðlingaskóla. Gögn vegna Sæmundarskóla finnist hins vegar ekki. Síðara svar Halldórs vegna fyrirspurnarinnar hafi borist lögmanni Adakris með tölvupósti 27. september 2010. Þar komi fram, eins og útlistað sé í hinni kærðu ákvörðun, að kærandi hafi látið Halldór vita þegar Adakris gerði reikning á borgina og hvaða upphæðir hafi verið um að ræða. Þar komi einnig fram að kærandi hafi látið Halldóri í té tilboðsskrá Adakris vegna Sæmundar- og Norðlingaskóla með útboðstölum Adakris sem og aðrar upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Með vísan til þessara upplýsinga frá Halldóri til lögmanns Adakris hafi Neytendastofa talið kæranda hafa brotið gegn 16 gr. c laga nr. 57/2005.
86. Með kærinni hafi verið lagður fram tölvupóstur Halldórs Halldórssonar til kæranda, dags. 6. mars 2011, sem tilkominn sé vegna fyrirspurnar kæranda til Halldórs um hvar hann hafi fengið upplýsingar um starfslokasamning kæranda við Adakris, sem átti að vera trúnaðarmál. Halldór hafi sent drög að svari til lögmanns síns og þau drög séu svo áframsend á kæranda. Að mati kæranda sýni framangreindur tölvupóstur fram á að Halldór hafi logið upp á kæranda í þeim tölvupósti sem Neytendastofa byggir niðurstöðu sína, gegn greiðslu. Í kæru komi fram að aðstoð Halldórs við Adakris hafi falist í því að setja í tölvupóst það sem lögmaður Adakris hafi óskað eftir að kæmi fram í slíkum pósti. Gegn því hafi átt að gera upp viðskiptakröfur. Framangreindri fullyrðingu til stuðnings liggi engin gögn og hún teljist því ósönnuð að mati Neytendastofu. Stofnunin bendi á að umræddur tölvupóstur hafi borist kæranda skömmu eftir að málsmeðferð Neytendastofa hófst í málinu. Kæranda hafi því verið í lófa lagið að leggja fram tölvupóstinn í málinu hafi hann talið það vera til gagns. Það hafi hann hins vegar ekki gert enda komi ekkert fram í tölvupóstinum um að þær upplýsingar sem Halldór hafi veitt Adakris í málinu séu

upplagnar eða rangar. Hins vegar sé ljóst að Adakris hafi með þessum hætti knúið fram aðstoð Halldórs í málinu. Neytendastofa bendi á að stofnunin hafi talið nægilega fram komið að um trúnaðarbrot hafi verið að ræða. Að mati stofnunarinnar hafi því ekki verið þörf á frekari gögnum í málinu. Neytendastofa bendi á að ekkert hafi komið fram í málinu, utan mótmæla kæranda, um að fullyrðingar Halldórs þess efnis að kærandi hafi afhent honum tilboðsskrár, séu rangar.

87. Síðari tölvupósturinn, dags. 14. desember 2009, sé sendur frá kæranda til Halldórs Halldórssonar. Í tölvupóstinum séu tilgreindar áætlaðar fjárhæðir um reikninga sem greiða þurfi á næstu mánuðum, m.a. vegna Sæmundar- og Norðlingaskóla. Í kæru segi að hvergi komi fram til hvaða félags sé verið að vísa eða neinar upplýsingar varðandi fjárhæðir eða tímasetningar. Niðurstaða Neytendastofu sé óskiljanleg þar sem nafn Adakris komi hvergi fram í póstinum eða nafn nokkurs annars félags yfir höfuð. Þá sé þar hvergi talað um kröfur á hendur Reykjavíkurborg. Neytendastofa bendi á að í bréfi kæranda til stofnunarinnar, dags. 1. mars 2011, séu tildrög umrædds tölvupósts kæranda til Halldórs útskýrð. Fram komi í bréfinu að á þeim tíma er tölvupósturinn var sendur hafi viðtakandinn, Halldór Halldórsson, verið í miklum viðskiptum við Adakris í gegnum ýmis eignarhaldsfélög. Staðið hafi yfir viðræður milli Halldórs og Ágústs Snæbjörnssonar, fyrirsvarsmanns Adakris á Íslandi, um hugsanlega sameiningu að hluta milli Adakris og þess félags Halldórs sem séð hafi um innflutning á byggingavörum. Hafi Ágúst og Halldór rætt saman vegna þessa. Sem hluti af því ferli hafi Halldór meðal annars óskað eftir upplýsingum um skuldastöðu félagsins og af þeim sökum hafi Ágúst Snæbjörnsson, yfirmaður kæranda og fyrirsvarsmannur Adakris, óskað eftir því að kærandi sendi Halldóri samantekt á stöðunni í tölvupósti. Kærandi hafi gert það og þannig verið að staðfesta upplýsingar sem Halldór hafi áður fengið frá Ágústi. Það sé ástæða tölvupóstsins. Eins og fram komi í hinni kærðu ákvörðun hafi Neytendastofa talið þessar skýringar á tildrögum tölvupóstsins ótrúverðugar. Nú sé það hins vegar afstaða kæranda að tölvupósturinn hafi ekkert sönnunargildi þar sem ekki komi fram vísun til Adakris. Með vísan til þess sem greini í áður nefndu bréfi kæranda undir rekstri málsins og samhengis við aðra málavexti þyki Neytendastofu ljóst að í umræddum tölvupósti sé kærandi að vísa til málefna Adakris. Þá sé í tölvupóstinum sjálfum vísað til útistandandi reikninga við Sæmundar- og Norðlingaskóla. Að öðru leyti vísi stofnunin til hinnar kærðu ákvörðunar.
88. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 14. maí 2012, var lögmanni kæranda send greinargerð Neytendastofu og óskað eftir afstöðu kæranda til hennar. Svar barst með bréfi lögmannsins, dags. 30. maí 2012. Þar er tekið fram að því virðist haldið fram í greinargerð Neytendastofu að tölvupóstur, dags. 28. desember 2010, sem kærandi hafi lagt fram, sé of seint fram kominn og því ekki á honum byggjandi. Því sé mótmælt. Sjóarmið einkamálaréttarfars um of seint fram komnar málsástæður og/eða gögn eigi ekki við á stjórnsýslustigi. Einu megi gilda hvenær skjalið sé lagt fram eða hverjar séu ástæður þess að það hafi ekki verið lagt fram fyrr. Ekkert hafi komið fram sem gefi ástæðu til að draga innihald póstsins í efa. Þvert á móti sé þar um að ræða póst sem tiltekinn aðili hafi sent lögmanni sínum til yfirlestrar með spurningu um hvort ekki væri í lagi að senda hann á kæranda.
89. Í hinni kærðu ákvörðun sé komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi gerst brotlegur við 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 „með því að afhenda tilboðsgögn Adakris UAB vegna útboðs

Reykjavíkurborgar á Sæmundar- og Norðlingaskóla“. Nauðsynlegt sé að ítreka að þau gögn sem kærandi eigi að hafa afhent hafi aldrei verið lögð fram í málinu. Þau ættu þó að liggja hjá Adakris UAB og félaginu að vera hægt um vik að leggja þau fram. Einnig auki það enn á trúverðugleika tölvupósts frá 28. september 2010 þegar fyrir liggja í málinu tölvupóstur sama aðila til Adakris UAB þar sem hann segist hafa undir höndum „útbodsgögn Adakris v/Norðlingaskóla“, hann finni hins vegar ekki gögnin vegna Norðlingaskóla „þrátt fyrir mikla leit“. Hinu muni hann koma á Adakris UAB fyrir hádegi daginn eftir. Ekkert af þessu sé svo lagt fram.

90. Neytendastofa virðist því leggja til grundvallar í blindni bæði að kærandi hafi afhent gögnin sem og innihaldslýsingar Adakris UAB á þessum gögnum, þvert gegn staðföstum mótmælum kæranda. Neytendastofa meti það svo að um atvinnuleyndarmál sé að ræða, sem heyri undir lög nr. 57/2005, án þess að hafa nokkurn tímann séð gögnin. Þó sé um að ræða gögn sem séu í vörslum Adakris UAB og kærandi hafi mótmælt á öllum stigum málsins að hafa afhent. Jafnframt ítreki kærandi að tilboðsgögn og útfyllt tilboðsgögn séu alls ekki það sama. Hvergi komi fram í neinum þeirra gagna sem Neytendastofa ákveði að leggja trúnað á, að um útfyllt tilboðsgögn hafi verið að ræða. Ljóst megi telja að óútfyllt tilboðsgögn geti aldrei talist atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005 og jafnvel ekki útfyllt heldur. Allt fari það eftir aðstæðum hverju sinni. Því sé enn brýnna að þau gögn sem byggt sé á að kærandi hafi lekið og mótmælt sé af honum sem ósönnuðu, verði lögð fram, til að hægt sé að meta hvort og þá hvaða hluti þeirra falli undir hugtakið atvinnuleyndarmál skv. lögum nr. 57/2005. Það verði að telja afar öfugnsúid og án fordæma að Neytendastofa komist að því að tiltekin gögn, sem geti verið gríðarlega mismunandi bæði að innihaldi og umfangi, og sem aldrei hafi verið lögð fram og Neytendastofa því aldrei séð, teljist atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005. Sér í lagi þegar Adakris hafi gögnin undir höndum og hefði því getað lagt þau fram. Einnig í ljósi þess að í einum þeirra tölvupósta sem Neytendastofa byggir niðurstöðu sína á, komi fram að sá sem eigi að hafa fengið gögnin frá kæranda finni þau ekki „þrátt fyrir mikla leit“. Hluta hinna leknu gagna segist hann þó hafa undir höndum en hafi þó ekki komið þeim á framfæri, né Adakris, þrátt fyrir ítrekuð mótmæli kæranda, bæði varðandi hinn meinta leka og varðandi efni þeirra gagna sem hann eigi að hafa lekið.
91. Þá sé ítrekað það sem komi fram í kæru varðandi tölvupóst, dags. 14. desember 2009. Engin leið sé að lesa úr þeim pósti um hvaða félag sé verið að ræða. Jafnframt sé pósturinn í stikkorðastíl. Þær skýringar sem gefnar hafi verið í upphaflegum ahugasemdum af kæranda, hafi verið til útskýringar á því að kærandi ætti í samskiptum við Halldór. Þær útskýringar hafi Halldór staðfest í sínum málatilbúnaði. Neytendastofa virðist hins vegar líta svo á að nefndum Halldóri sé bara treystandi stundum, en annað sem frá honum komi sé ótrúverðugt, þótt það hljóti hljómgrunn í upplýsingum frá öðrum aðilum, sem og gögnum málsins. Ekkert sé ótrúverðugt við útskýringu kæranda á samskiptunum. Halldór sjálfur staðfesti það í tölvupósti frá 28. mars 2010 að hann hafi átt í reglulegum samskiptum við Ágúst Snæbjörnsson. Taki Halldór sérstaklega fram að kærandi „áttaði sig auðvitað ekki á því að ég vissi mikið meira um þessar tölur en hann“. Hér virðist hins vegar um að ræða upplýsingar sem Neytendastofa líti algjörlega framhjá. Þær virðist vera hluti af þeim upplýsingum frá Halldóri sem Neytendastofa telji ótrúverðugar, þótt hún byggir niðurstöðu sína nær eingöngu á tölvupósti frá sama manni sem borist hafi lögmönnum Adakris daginn áður. Neytendastofa leggi allan trúnað á þann tölvupóst gegn mótmælum kæranda.

92. Þá verði að teljast sérstakt að hvergi í niðurstöðu Neytendastofu sé færður nokkur rökstuðningur fyrir því hvernig og þá að hvaða leyti þau gögn, sem kærandi eigi að hafa lekið, geti talist atvinnuleyndarmál í skilningi laga nr. 57/2005. Eingöngu sé fullyrt að þarna séu „upplýsingar“ sem Neytendastofa „telji atvinnuleyndarmál“, algjörlega án þess að greint sé á milli eða tilgreint nákvæmlega hvaða upplýsingar það séu sem Neytendastofa telji atvinnuleyndarmál. Að öðru leyti vísist til þeirra röksemda sem áður hafi komið fram í málinu af hálfu kæranda.
93. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til lögmanns Adakris UAB, dags. 19. júní 2012, voru félaginu send fyrirliggjandi gögn á kærustigi og óskað eftir afstöðu þess til kærunnar. Svar barst með bréfi, dags. 12. júlí 2012. Þar er málflutningi kæranda í kærú og síðari bréfi lögmanns kæranda með öllu hafnað sem röngum og ósönnuðum. Þá segir að Adakris UAB harmi þær aðdróttanir sem þar séu settar fram gagnvart félaginu, stjórnendum, starfsmönnum og sjálfstæðs lögmanns er aðstoðað hafi félagið á sínum tíma. Hafi þótt þannig að starfsheiðri lögmannsins vegið að honum hafi verið send kærán og gögnin til yfirlestrar. Að ósk lögmannsins fylgi afstaða hans bréfinu, en þar er um að ræða tölvupóst lögmannsins. Adakris UAB vísi að öðru leyti til upphaflegrar kvörtunar sinnar til Neytendastofu og niðurstöðu stofnunarinnar.
94. Í tilvitnuðum tölvupósti fyrrverandi lögmanns Adakris, sem bréfinu fylgdi, segir að það sé með öllu rangt að lögmaðurinn hafi haft milligöngu um að búa til eða falsa sönnunargögn til að nýta gegn Einari Matthíassyni eða að hann hafi tekið þátt í að skálda upplognar sakir gegn Einari, eins og Halldór Úlfar Halldórsson gefi í skyn í tölvupósti sínum, dags. 3. mars 2011. Hið rétta sé að Halldór hafi setið fund á starfsstöð lögmannsins þar sem Halldór hafi upplýst um þær upplýsingar og gögn sem hann hafi mótttekið frá Einari. Þetta hafi lögmanninum og forsvarsmönnum Adakris þótt sláandi upplýsingar. Á sama tíma hafi staðið yfir vinna við að ljúka starfssambandi Adakris og Einars. Því hafi þótt rétt að hafa þennan trúnaðarbrest skjalfestan og því hafi lögmaðurinn óskað staðfestingar Halldórs á efni samtalsins í pósti, eins og Halldór lýsi réttilega í pósti sínum. Rétt sé að taka skýrt fram að lögmaðurinn hafi þá talið allar upplýsingar sem Halldór veitti vera réttar og sannar, og telji það í raun ennþá, enda hafi hann ekki ástæðu til að ætla að Halldór hafi ekki sagt sannleikann á téðum fundi. Aldrei hafi það verið nefnt að nokkrar greiðslur til Halldórs stæðu í beinu sambandi við það að hann hafi upplýst um trúnaðarbrest Einars eða að sakir Einars hafi verið upplognar.
95. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 16. júlí 2012, var lögmanni kæranda sent bréf Adakris UAB og kæranda gefinn kostur á að koma að athugasemdum við það áður en málið yrði tekið til úrskurðar. Svar barst með bréfi, dags. 15. ágúst 2012. Þar segir að í athugasemdum fyrrum lögmanns Adakris UAB komi fram að lögmaðurinn hafi óskað eftir því að hafa hinn meinta trúnaðarbrest skjalfestan í ljósi þess að yfir hafi staðið vinna við að ljúka starfssambandi Adakris og Einars Matthíassonar. Hinn meinti trúnaðarbrestur hafi svo verið skjalfestur í þeim tölvupóstum sem Halldór hafi sent og dagsettir séu 27. og 28. september 2010. Fundur lögmanns Adakris og Halldórs á starfsstöð lögmannsins sem vísað sé til í bréfinu hafi því farið fram fyrir þann tíma. Því sé ljóst að Adakris og lögmaður félagsins hafi haft upplýsingar um hinn meinta trúnaðarbrest áður en þeir undirrituðu starfslokasamning við Einar þann 27. september 2010; samning sem vottaður sé af lögmanni Adakris. Sýni það best fram á ótrúverðugleika frásagnar

Adakris að í þeim starfslokasamningi hafi að fullu verið gert upp við Einar án þess að nokkuð sé minnst á hinn meinta trúnaðarþrest, þ.m.t. laun á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Þar sé einnig að finna ítarleg ákvæði um trúnaðarskyldur Einars. Telja verði að ef hið meinta trúnaðarbrot hefði átt við einhver rök að styðjast, hefði verið full ástæða til þess að synja Einari um greiðslu launa í uppsagnarfresti. Það sé ótrúverðugt að Adakris hafi undirritað starfslokasamning við Einar þar sem allt sé að fullu gert upp við hann án athugasemda aðeins örskömmu eftir að félagið hafi fengið vitneskju um hið meinta trúnaðarbrot Einars sem það telji svo alvarlegt nú. Fyrirsvarsmenn Adakris hafi enda verið meðvitaðir um að um engin slík trúnaðarbrot hafi verið að ræða af hálfu Einars. Að öðru leyti vísist til fyrri athugasemda.

96. Með bréfum til lögmanns kæranda og Adakris UAB, dags. 4. september 2012, tilkynnti áfrýjunarnefnd neytendamála, með vísan til 3. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, að afgreiðsla málsins myndi tefjast vegna mikilla anna nefndarinnar, en stefnt væri að því að úrskurður yrði kveðinn upp fyrir októberlok.

NIÐURSTAÐA

97. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri niðurstöðu Neytendastofu að hann hafi brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með því að hafa miðlað tilboðsskrám og upplýsingum um fjárhagsstöðu Adakris UAB til Halldórs Úlfars Halldórssonar, en hin kærða ákvörðun kom til vegna kvörtunar Adakris UAB, sem kærandi starfaði áður hjá. Voru ákvörðunarorðin svohljóðandi: „[Kærandi] hefur með því að afhenda tilboðsgögn Adakris UAB vegna útboðs Reykjavíkurborgar á Sæmundar- og Norðlingaskóla og með því upplýsa um fjárhæðir krafna Adakris UAB á Reykjavíkurborg, brotið gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með vísan til 4. mgr. 16. gr. c. og 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er [kæranda] bannað að hagnýta þær trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi hjá Adakris UAB.“
98. Ákvæðin sem nú er að finna í 16. gr. c laga nr. 57/2005 hafa lengi verið í lögum hér á landi. Þannig hafði 35. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978 að geyma orðrétt samhljóða ákvæði, ef frá er talinn tiltekinn munur á framsetningu 4. mgr. greinanna. Í 27. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 voru síðan ákvæði sem eru orðrétt samhljóða nógildandi ákvæðum. Í greinargerðum með þeim frumvörpum sem urðu að lögum nr. 56/1978 og 8/1993 var tekið fram að umræddar reglur væru reistar á því að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felast í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi þeirra er snerta sérstaklega samkeppnisstöðu sé haldið leyndum, þ.e. að upplýsingum um þessa þætti sé haldið innan fyrirtækjanna. Þeir hagsmunir sem ákvæðin vernduðu væru atvinnuleyndarmál, en hugtakinu væri bæði ætlað að taka til rekstrarleyndarmála og verslunar- eða viðskiptaleyndarmála. Í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 56/1978 sagði um síðarnefndu leyndarmálin: „Verslunar- eða viðskiptaleyndarmál, [...], geta verið fölgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum. Ennfremur geta markaðsrannsóknir, rekstrarniðurstöður og tölfræðilegar upplýsingar verið viðskiptaleyndarmál. Sama er að segja um söluáætlanir og þann

tíma, þegar ákveðið er að hefja ákveðna auglýsingaherferð. Ýmislegt fleira mætti nefna, en þetta verður látið nægja.“ Í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 8/1993 sagði með svipuðum hætti að slík leyndarmál gætu „t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl.“

99. Í áður nefndum frumvörpum var einnig tekið fram að almenn þekking og reynsla, sem starfsmaður hagnýtir við störf sín, geti ekki talist til atvinnuleyndarmála, heldur þurfi að liggja fyrir þekking sem sé sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skipti máli fyrir starfseminna. Þá verði að gera þær kröfur, til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis eða það liggja í hlutarins eðli. Þess skal einnig getið að Hæstiréttur hefur tekið fram, sbr. Hrd. 5. júní 2008 (334/2007), að við mat á því hvort um brot gegn 2. mgr. umræddrar greinar sé að ræða verði „meðal annars að líta til þess hversu almenns eðlis viðkomandi upplýsingar eru, á hve margra vitorði þær eru og hversu auðvelt sé fyrir utanaðkomandi mann að afla sér þeirra“.
100. Umrædd ákvæði 16. gr. c laga nr. 57/2005 eru sett fram í fjórum málsgreinum. Í 1. mgr. kemur fram að óheimilt sé í atvinnustarfsemi sem lögin taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar. Í 2. mgr. segir síðan að sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., megi ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildi í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið. Í 3. mgr. segir síðan að þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þessa háttar sé óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar. Í 4. mgr. segir loks að hafi upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hafi verið gegn ákvæðum 1.-3. mgr. sé þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér þær í nyt. Sem fyrr segir komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c og bannaði honum með vísan til 4. mgr. 16. gr. c, sem og 2. mgr. 21. gr. b sömu laga, að hagnýta þær trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi hjá Adakris UAB. Í 2. mgr. 21. gr. b segir m.a. að Neytendastofa geti gripið til aðgerða gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við VI. kafla, sem 16. gr. c er hluti af, og að aðgerðir Neytendastofu geti falið í sér bann.
101. Við mat á því hvort brotið hafi verið gegn framangreindum ákvæðum, með miðlun eða hagnýtingu atvinnuleyndarmála, reynir eðli málsins samkvæmt oft á það hvort fyrirliggjandi gögn og upplýsingar teljist sanna slíka miðlun eða hagnýtingu. Aðstaða stjórnvalda og dómstóla við slíkt mat er að nokkru marki ólík, m.a. vegna tilvistar rannsóknarreglu 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 sem og ólíkra reglna um skýrslutökur af aðilum og vitnum. Málsmeðferð stjórnvalda er almennt skrifleg og rannsókn málsins grundvallast þá á þeim hlutlægu gögnum sem fyrir liggja og fram koma í málinu. Af rannsóknarreglunni leiðir að stjórnvöld verða í slíkum tilvikum að sjá til þess að nægjanleg gögn liggja fyrir og málsatvik séu það ljós að hægt sé að taka ákvörðun í máli. Um leið felst í reglunni að stjórnvöld geta ekki komist hjá því að rannsaka mál á viðhlítandi hátt með því að beita sönnunarreglum í stað rannsókna. Á hinn bóginn er ljóst að stjórnvöldum er

almennt ekki heimilt að synja um að taka mál til efnismeðferðar og taka í því ákvörðun á þeim grundvelli að málsatvik séu óljós eða umdeild, enda væri málsaðilum þá í lófa lagið að koma í veg fyrir umfjöllun stjórnvalda með því einu að mótmæla staðhæfingum sem fram hafa komið um málsatvik. Af rannsóknarreglunni og þeim lögbundnu verkefnum sem stjórnvöldum eru falin kann þannig oft að leiða að stjórnvaldi sé skylt að leggja mat á fram komnar upplýsingar um atvik máls og hvað teljist sannað í því efni hverju sinni. Sú er raunin þegar aðilar deila um það fyrir Neytendastofu hvort brotið hafi verið gegn reglum 16. gr. c laga nr. 57/2005 og gripið skuli til aðgerða af því tilefni. Við beitingu umræddra samkeppnisréttarlegu reglna á stjórnsýslustigi verður að líta til þeirra sjónarmiða sem lögð hafa verið til grundvallar í samkeppnisrétti, sbr. fyrirbyggjandi stjórnsýslu- og dómaframkvæmd af sviði Samkeppniseftirlitsins. Þannig gildir meginreglan um frjálst mat sönnunargagna, en því felst að meta verður hverju sinni hvort nægilega liggja fyrir að atvik hafi gerst eða að atriði sé með tilteknum hætti, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og vitneskju um viðkomandi efni. Við matið verður að virða fyrirbyggjandi gögn með heildstæðum hætti og miða við að gögn sem rituð eru á þeim tíma sem atvik gerðust, án tengsla við síðari rannsókn, hafi almennt ríkt sönnunargildi. Þá ber að hafa í huga að sönnunarkröfur í stjórnsýslumáli um það hvort brotið hafi verið gegn 16. gr. c og háttsemi skuli bönnuð af þeim sökum eru ekki eins ríkar og í refsímáli um slíka háttsemi.

102. Ekki er fullt samræmi í því hvernig niðurstöðum Neytendastofu er lýst í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar annars vegar og ákvörðunarorðum hins vegar. Hin efnislega niðurstaða, sem áfrýjunarnefnd neytendamála hefur samkvæmt reglum stjórnsýsluréttar fullt endurskoðunarvald á, var sú að gögn málsins bæru með sér brot kæranda gegn gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 og því skyldi lagt á hann bann samkvæmt 4. mgr. 16. gr. c, sbr. 2. mgr. 21. gr. b. Eins og málið liggur fyrir verður áfrýjunarnefnd neytendamála í meginatriðum að taka afstöðu til tveggja atriða. Annars vegar þess hvort lagt verði til grundvallar að kærandi hafi látið Halldóri Úlfari Halldórssyni í té tilboðsskrá Adakris UAB vegna Sæmundar- og Norðlingaskóla og þar með brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Hins vegar þess hvort kærandi hafi brotið gegn sömu ákvæðum með tölvupósti til Halldórs Úlfars Halldórssonar, dags. 14. desember 2009.
103. Að því er fyrrnefnda atriðið snertir liggja fyrir tölvupóstsamskipti Halldórs Úlfars Halldórssonar og lögmanns Adakris UAB, sem nánar er lýst í 22. og 23. mgr. að framan. Þar lýsir Halldór því að kærandi hafi afhent sér tilboðsskrá Adakris UAB vegna Sæmundar- og Norðlingaskóla með útboðstölum Adakris UAB. Þar er tekið fram að Halldór finni ekki gögnin vegna Sæmundarskóla en sé hins vegar með gögnin vegna Norðlingaskóla undir höndum og geti komið þeim til Adakris UAB. Slík gögn liggja hins vegar ekki fyrir í málinu. Þannig fylgdu kvörtun Adakris UAB til Neytendastofu ekki frekari gögn til stuðnings því að umrædd miðlun hafi átt sér stað né afrit af þeim tilboðsskrám hvers miðlun félagið telur brjóta gegn 16. gr. c. Rannsókn og málsmeðferð Neytendastofu leiddi ekki til þess að slík frekari gögn kæmu fram. Til stuðnings þessum þætti hinnar kærðu ákvörðunar lá því ekki annað fyrir en tölvupóstsamskipti Halldórs og lögmanns Adakris UAB um meinta miðlun á gögnum sem ekki liggja fyrir í málinu. Þá liggur fyrir síðari tölvupóstur Halldórs til kæranda þess efnis að Halldór hafi veitt áðurnefnda staðfestingu gegn því að fá tilteknar skuldir uppgerðar. Að virtu framangreindu og fyrirbyggjandi gögnum í heild telur áfrýjunarnefnd neytendamála ekki fært að leggja til grundvallar að fyrir liggja að kærandi hafi

miðlað tilboðsskrám Adakris UAB vegna Sæmundar- og Norðlingaskóla í andstöðu við 16. gr. c laga nr. 57/2005. Verður því að fella þann þátt hinnar kærðu ákvörðunar úr gildi.

104. Að því er síðarnefnda atriðið snertir liggur fyrir tölvupóstur kæranda til Halldórs Úlfars Halldórssonar, dags. 14. desember 2009, sem áður var rakinn í 21. mgr. að framan. Í meginmáli tölvupóstsins segir: „[...]“

Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála fer ekki á milli mála að með umræddum tölvupósti hafi kærandi miðlað upplýsingum sem falla undir hugtakið atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c laga nr. 57/2005, sbr. það sem áður greinir um lögskýringargögn og réttarframkvæmd í 98. og 99. mgr. Þannig inniheldur tölvupósturinn viðkvæmar upplýsingar um rekstrarstöðu fyrirtækisins og útistandandi reikninga. Slík atriði eru ótvírætt meðal þeirra þátta sem 16. gr. c er ætlað að tryggja fyrirtækjum leynd um, enda snerta þau sérstaklega samkeppnisstöðu þeirra. Þá verður að telja að það liggja í hlutarins eðli að ætlast sé til leyndar um slíkar upplýsingar, enda eru þær viðkvæmar og á fárra vitorði, ef frá er talin staða opinberra gjalda, sem ekki verður talin til atvinnuleyndarmála.

105. Ekki er unnt að fallast á sjónarmið kæranda í þá veru að ekki hafi verið um brot að ræða þar sem nafn Adakris UAB komi hvergi fram í tölvupóstinum. Af efni póstsins og samhengi málavaxta og fyrirbyggjandi gagna fer ekki á milli mála að tölvupósturinn lýtur að stöðu Adakris UAB. Þá er ekki heldur unnt að leggja til grundvallar þá skýringu kæranda að umræddar upplýsingar hafi verið veittar Halldóri samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjóra Adakris UAB, enda verða fyrirbyggjandi gögn ekki talin styðja þá niðurstöðu. Í því sambandi má nefna að áðurgreindur tölvupóstur kæranda gefur á engan hátt til kynna að sú hafi verið raunin og engin gögn liggja fyrir um að kæranda hafi verið falið að veita umræddar upplýsingar f.h. Adakris UAB. Önnur niðurstaða verður ekki leidd af fyrirbyggjandi tölvupósti Halldórs Úlfars Halldórssonar, dags. 28. september 2010, sem kærandi vísar til að þessu leyti, enda lýsir hann þvert á móti beinum samskiptum Halldórs og framkvæmdastjóra Adakris UAB, sem kærandi hafi verið ómeðvitaður um, vegna stöðu opinberra gjalda. Ekkert liggur fyrir um að Adakris UAB hafi ætlað að veita Halldóri þær frekari upplýsingar sem var að finna í tölvupósti kæranda til Halldórs, enda telur félagið þá upplýsingagjöf varða við lög, en jafnvel þótt sú hefði verið raunin verður í ljósi framangreinds að ætla að slíkt hefði gerst fyrir milligöngu framkvæmdastjórans sjálfs. Í öllu falli er ekkert sem styður að þær vernduðu upplýsingar sem kærandi miðlaði með tölvupósti sínum til Halldórs hafi verið veittar samkvæmt beiðni framkvæmdastjóra Adakris UAB. Þá getur tilvísun kæranda til þess að gengið hafi verið frá starfslokasamningi 27. september 2010 og gert upp við kæranda engu breytt um að sending framangreinds tölvupósts fól í sér miðlun upplýsinga sem 16. gr. c er ætlað að tryggja leynd um, auk þess sem umræddur tölvupóstur virðist raunar ekki hafa verið framsendur lögmanni Adakris UAB fyrr en 28. september 2010.

106. Með vísan til alls framangreinds telur áfrýjunarnefnd neytendamála að kærandi hafi með tölvupósti sínum til Halldórs Úlfars Halldórssonar, dags. 14. desember 2009, brotið gegn 2. og 3.

mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Af því leiðir um leið að staðfest verður bann í þá veru sem Neytendastofa lagði á í hinni kærðu ákvörðun. Á hinn bóginn telur áfrýjunarnefnd neytendamála sem fyrir segir að fella verði úr gildi þann þátt hinar kærðu ákvörðunar sem laut að því að kærandi hefði miðlað tilboðsskrám Adakris UAB vegna Sæmundar- og Norðlingaskóla í andstöðu við 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu verður framsetning úrskurðarorða með þeim hætti að broti kæranda og banninu af því tilefni verður lýst en hin kærða ákvörðun að öðru leyti felld úr gildi.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kærandi, Einar Matthíasson, braut gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með veitingu upplýsinga um atvinnuleyndarmál Adakris UAB í tölvupósti til Halldórs Úlfars Halldórssonar, dags. 14. desember 2009.

Með vísan til 4. mgr. 16. gr. c og 2. mgr. 21. gr. b sömu laga er kæranda bannað að hagnýta sér þær trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi hjá Adakris UAB.

Að öðru leyti er hin kærða ákvörðun felld úr gildi.

Eiríkur Jónsson

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson